

Ungmennasamband Borgarfjarðar



Ársskýrsla 2014



Frá úthlutun úr afreksmannasjóði í mars 2014



Frá kjöri íþróttamanns Borgarfjarðar 2014

Ritstjórn og uppsetning: Pálmi Blængsson

Prentun: Fjölritunar og útgáfupjónustan

Efnisyfirlit

Formáli sambandsstjóra	4
Frá framkvæmdastjóra	6
Afreksmannasjóður UMSB	7
Frá tómstundastjóra	8
Göngunefnd- gönguárið 2014	9
Aðildarfélög UMSB	10
Ársskýrslur aðildarfélaganna UMSB	11
Dansíþróttafélag Borgarbyggðar	11
Dansíþróttafélag Borgarfjarðar	12
Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar	13
Golfklúbburinn Glanni	15
Hestamannafélagið Faxi	16
Hestamannafélagið Skuggi	17
Mótorsportfélag Borgarfjarðar	23
Skotfélag vesturlands	25
Ungmennafélagið Björn Hítðælakappi	27
Ungmennafélagið Dagrenning	27
Ungmennafélagið Egill Skallagrímsson	29
Ungmennafélagið Íslendingur	29
Ungmennafélag Reykdæla	33
Ungmennafélagið Skallagrímur	36
Badmintondeild Skallagríms	36
Knattspyrnudeild Skallagríms	37
Körfuknattleiksdeild Skallagríms	42
Leikdeild Skallagríms	46
Sunddeild Skallagríms	47
Ungmennafélag Stafholtstunga	49
Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar	53
Íþróttamaður Borgarfjarðar 2014	54
Önnur verðlaun og viðurkenningar	57
Ársreikningur UMSB 2014	58

Formáli sambandsstjóra

Við lok starfsárs þá lítum við til baka í ungmennafélags hreyfingunni, rifjum upp atburði liðins árs og skilum af okkur starfsskýrslum. Þessar skýrslur eru góðar heimildir yfir það mikla starf sem unnið er af sjálfboðaliðum ungmenna- og íþróttafélaga héraðsins. Þessi vinna þeirra fjölmörgu fórnfúsu einstaklinga sem koma að starfi félagana er ómentalegt hverju samfélagi því án hennar væru lífskilyrði íbúana allt önnur og verri heldur enn þau eru í dag. Við lestur starfsskýrslunnar þetta árið kemur í ljós þessi mikili árangur sem verður af starfi félagsmanna aðildarfélaganna og ljóst að á okkur, sem veljumst til forystustarfa fyrir félögin, hvílir mikil ábyrgð á því að halda starfseminni gangandi, styðja við hana og jafnframt að halda á lofti því góða starfi sem unnið er innan hreyfingarinnar. Við þurfum að gæta að því að haga störfum okkar þannig að virðing sé borin fyrir tíma þeirra sem koma að starfinu og að hann sé sem best nýttur. Með því að hafa það í huga að tími sjálfboðaliðanna er okkar helsta hráefni sem notað er í þá starfsemi sem við rekum, þá ber okkur að haga okkar starfi með þeim hætti að nýting á hráefnum sé sem best.

Starf UMSB seinasta árið var öflugt, haldið var áfram að vinna eftir stefnu sambandsins og unnið að þeim markmiðum sem sett voru. Samningar um íþrótt- og tómstundaskóla í Borgarbyggð voru undirritaðir í september og í framhaldi af því var Sigurður Guðmundsson ráðin í starf íþrótt- og tómstundafulltrúa. Seinustu mánuðir ársins voru svo notaðir til að undirbúa starfsemi skólans, sem hófst svo formlega um áramótin og hefur hann farið vel af stað. UMSB mætti að venju með stóran hóp á Unglingalandsmót UMFÍ á Sauðárkróki. Þáttakendum gekk vel og voru allir ánægðir með helgina.

Undir lok ársins náðist samkomulag við Borgarbyggð um húsnæði undir skrifstofu UMSB. Skrifstofan mun flytjast í vor að Skallagrímsgötu 7a en það hús stendur við íþróttavöllinn í Borgarnesi. Húsnæðið er af þeirri stærð að það gefur UMSB tækifæri á því að hafa afdrep fyrir krakka sem nota tómstundarútuna til íþróttæfinga, en það er eitthvað sem hefur skort, jafnframt opnast möguleikar fyrir ungmennahreyfinguna að nýta aðstöðuna, sem ég vonast eftir að verði raunin því þannig verður húsnæði UMSB lifandi og skemmtilegur staður til að vera á.

Afreksmannasjóðurinn hefur verið að styrkjast töluvert að undanfögnu með samningum við sveitarfélögin á starfsvæðinu og UMSB hefur náð að gera upp skuld sína við sjóðinn. Fjárhagur sjóðsins er orðin sterkur og getum við úthlutað um 600 þúsund kr á þessu ári. En betur má ef duga skal, því við eigum töluvert í land með markmiðið að ná úthlutun upp á eina milljón á ári. Við eigum hinsvegar eftir að ljúka samningum við Hvalfjarðarsveit um aðkomu að sjóðnum og að nýta núverandi fasteign UMSB til að styrkja sjóðinn enn frekar sem færir okkur enþá nær markmiðinu okkar.

Okkur hefur gengið vel að ná þeim markmiðum sem sett voru í stefnumótuninni og eru við langt komin með að hefja vinnu við þau öll. Því erum við komin á þann tímapunkti að nauðsynlegt er að taka stöðuna á stefnumótunni og markmiðum hennar, meta árangurinn, skoða hvort nauðsynlegt sé að breyta stefnunni og gera ný markmið um það sem við viljum ná að gera.

Starf aðildarfélaganna var öflugt á seinasta ári eins og lesa má úr skýrslum þeirra. Leiklistinn var í blóma, sett voru upp þrjú leikrit sem öll gengu vel. Íþróttamenn úr okkar röðum stóðu sig mjög vel eins og kom fram þegar íþróttamönnum, sem sköruðu fram úr í sinni grein, voru veitt verðlaun á sérstakri hátíð, sem UMSB hélt þeim til heiðurs. Hátíðin gekk ljómandi vel og var fjölmennur viðburður sem ég vonast til að verði árviss viðburður í okkar samfélagi.

Ég vil þakka öllum sem hafa komið að því öfluga starfi sem unnið er innan ungmennahreyfingarinnar á okkar starfsvæði og hlakka til að vinna með ykkur að því að gera gott starf enn betra.

Íslandi allt!
Sigurður Guðmundsson

Frá framkvæmdastjóra

Árið 2014 byrjaði vel hjá okkur og strax 28.janúar stóð skáknefnd UMSB fyrir fjöltefli í Hyrnutorgi þar sem Helgi Ólafsson stórmeistari mætti og tefldi við áhugasama skákmenn. Íþróttamaður ársins var kjörinn í byrjun ársins og var það Konráð Valur Sveinsson hestamaður úr Hestamannafélaginu Faxe sem valinn var íþróttamaður Borgarfjarðar 2013.

Sambandsþing var haldið í félagsheimilinu í Brautartungu laugardaginn 8.mars og var það vel sótt og starfssamt. Á þinginu var skrifað undir samning við KPMG um styrk til UMSB og aðildarfélaganna vegna bókhaldsvinnu og hafa mörg félög nýtt sér þann styrk á árinu og fengið KPMG til að sjá um sitt uppgjör o.fl.. Snemma á árinu tókum við í gagnið nýja heimasíðu UMSB þar sem öll aðildarfélögin hafa sitt svæði til að koma á framfæri upplýsingum og fréttum úr starfinu og þurfum við að vera duglega að nýta okkur þann vettvang. Nýjir utanyfirgallar voru teknir í notkun fyrir UMSB og aðildarfélögin, en þar erum við með eitt útlit fyrir öll aðildarfélögin og hægt er að setja merki aðildarfélagsins á brjóstið en merki UMSB er á öxlinni.

Göngunefnd UMSB var mjög virk og dugleg í sumar og voru reglulegar kvöldgöngur á Hafnarfjallið ásamt lengri göngum á nokkur fjöll í héraðinu og hápunkturinn var svo Vatnaleiðarganga þar sem gengið var frá Hlíðarvatni að Hítarvatni og gist í skála og svo gengið þaðan að Langavatni.

Formannafundir voru haldnir venju samkvæmt og góðir gestir sem komu í heimsókn með erindi og má þar nefna Viðar Sigurjónsson frá ÍSí sem fræddi okkur um fyrirmyndarfélag ÍSí og Gunnlaug Hreinsson formann UMFG sem kom og sagði okkur frá því starfinu hjá þeim í Grindavík.

Að sjálfsögðu var farið á Unglingalandsmót UMFÍ sem var um verslunarmannahelgina á Sauðárkróki, þangað fóru 50 keppendur frá UMSB og stóðu sig vel og voru sér og okkur öllum til sóma.

Talsverður tími hefur farið í skipulagingu íþróttar og tómstundaskóla á árinu og í september var svo skrifað undir samning við Borgarbyggð þess efnis að UMSB myndi taka að sér skipulagningu og utanhald á; íþróttar og tómstundaskóla, félagsmiðstöðvunum, vinnuskólanum og sumarstarfinu. Samningurinn gerir okkur kleift að ráða til okkar starfsmann sem sér um þessi mál og í nóvember sl. hóf Sigurður Guðmundsson störf hjá okkur við þessi mál en hann hefur mikla reynslu af íþróttar og æskulýðsmálum eftir að hafa starfað hjá UMFÍ undanfarin ár auk þess sem hann hefur lokið námi í íþróttar-, kennslu- og lýðheilsufræðum frá Háskólanum í Reykjavík. Í janúar hófst svo formlega starfsemi íþróttar og tómstundaskólans og er gaman að sjá að í öllum íþróttagreinum er fjölgun auk þess sem góð þáttaka er í nýjum greinum og tómstundastarfi sem börnin eru að kynnast.

Nú liggur fyrir að íþrótt og tómstundaskólinn mun flytja höfuðstöðvar sínar í Borgarnesi í húsnæði grunnskólans og á sama tíma mun UMSB flytja sína skrifstofu á Skallagrímögötu 7, en þar stefnum við að því að byggja upp þjónustumiðstöð íþrótt og æskulýðsmála.

Heilt yfir hefur gengið vel að fara eftir nýrri stefnu og ná settum markmiðum, og vert er að nefna að mörg önnur héraðssambönd og sveitarfélög hafa horft til þess sem hér er gert og verið í sambandi til að leita sér upplýsinga og fræðast um okkar fyrirkomulag og skipulag. Það liggur fyrir að nú er kominn tími til að endurskoða og skilgreina ný markmið UMSB þar sem ljóst er að á árinu 2015 munum við ná mörgum af þeim markmiðum sem sett voru þegar ný stefna var samþykkt á þingi 2013. Margt hefur gengið upp eins og lagt var upp með og má þar nefna t.d. að greiddar hafa verið allar langtímaskuldir sambandsins, gömul skuld við afreksmannasjóð hefur verið greidd og fleiri verkefni hafa komið á okkar borð sem styrkja stoðir UMSB og rekstur.

Ljóst er að við höfum náð að byggja okkur traustan grunn til reksturs UMSB með góðum samningum við sveitarfélögin á starfssvæðinu og nýjum verkefnum sem styðja vel við stefnu og framtíðarmarkmið sambandsins. Þannig að nú þurfum við að horfa björtum augum til framtíðar og setja okkur ný og metnaðarfull markmið í takt við stefnu UMSB og þarfir okkar félaga og félagsmanna.

Pálmi Blængsson

Framkvæmdastjóri UMSB

Afreksmannasjóður UMSB

Afreksmannasjóður UMSB var stofnaður á 86. sambandsþingi 13. mars 2008 og var stofnframlagið styrkur frá Orkuveitu Reykjavíkur að upphæð 500.000,- kr.

Tekjur sjóðsins er hlutfall af lottótekjum UMSB samkv. reglugerð, vaxtatekjur og önnur framlög. Árið 2014 voru 240.000,- kr. til úthlutunar.

Eftirtaldir hlutu styrk úr afreksmannasjóði UMSB 2014:

Arnar Þórsson fyrir dans, Bjarki Pétursson fyrir golf, Bjarni Guðmann Jónsson fyrir badminton, Benjamín Karl Styrmisson fyrir dans, Birgitta Björnsdóttir fyrir dans, Daði Freyr Guðjónsson fyrir dans, Helgi Guðjónsson fyrir ýmsar íþróttagreinar og Tinna Kristín Finnbogadóttir fyrir skák.

Frá tómstundastjóra

Tómstundastjóri var ráðinn til Ungmennasambands Borgarfjarðar 15. október 2014. Verkefnum tómstundastjóra er skipt upp í vetrarverkefni og sumarverkefni. Á veturna heldur tómstundastjóri utan um skipulag Íþrótt- og tómstundaskólans og félagsmiðstöðva í Borgarbyggð. Á sumrin er haldið utan um sumarskólann og vinnuskólann.

Fyrstu dagarnir í starfi fóru í að tómstundarstjóri kynnti sér það starf sem þegar var búið að skipuleggja. Gerður hafði verið samningur við Borgarbyggð um tómstundamál í sveitarfélaginu. Stærsta verkefnið var að koma af stað Íþrótt- og tómstundaskólanum og átti starfsemi hans að hefjast um áramótin 2014/2015.

Íþrótt- og tómstundaskólinn er ætlaður börnum í 1. – 4. bekk í grunnskólum Borgarbyggðar. Skólinn er starfræktur á Varmalandi, Kleppjárnsreykjum, Hvanneyri og í Borgarnesi og tók hann til starfa í janúar 2015. Dagskráin er ekki eins á hverjum stað en börnunum er engu að síður frjálst að nýta sér það sem er í boði á öðrum stöðum en barnið er staðsett á. Boðið hefur verið upp á nýjar tómstundir eins og golf, leikræna tjáningu og hóptíma í tónlistarskólanum. Boðið er upp á leiklist og listasmiðjur á öllum stöðunum sem er mjög jákvætt og hefur notið vinsælda meðal barnanna.

Áður en farið var af stað með skólann voru haldnir fundir á öllum fjórum stöðunum með foreldrum og starfsmönnum til kynningar og frekari upplýsinga. Einnig voru haldnir fundir með félögum innan UMSB sem sjá um æfingar í skólanum. Skólinn fer vel af stað og ánægjulegt er að sjá hversu mikil aukningin er í nánast öllum greinum.

UMSB sér einnig um félagsmiðstöðvarnar í Borgarbyggð. Önnur þeirra, Óðal, er staðsett í Borgarnesi og hin, Gaukurinn, er staðsett á Bifröst. Ákveðið var með nýju skipulagi að vera með opnunina á Óðali á kvölin. Því er opið núna á mánudögum klukkan 18:00 – 21:30, miðvikudögum 17:00 – 20:30, fimmtudögum 18:00 – 21:30 og föstudagar eru notaðir fyrir böll og aðra viðburði. Á Bifröst er opið á miðvikudögum klukkan 18:00 – 21:00. Með breyttri opnun eiga t.d. þeir sem búa í sveitum auðveldara með að komast í félagsmiðstöðina. Mikið er framundan í félagsstarfinu og gaman er að sjá hversu öflug ungmenni eru í Borgarbyggð.

Vinna er að hefjast fyrir sumarstarfið því er óhætt að segja að mikið sé framundan í tómstundamálum í Borgarbyggð á árinu.

Sigurður Guðmundsson
Tómstundastjóri UMSB

Göngunefnd- gönguárið 2014

Gönguhópur UMSB átti ágætis ár, þar sem skipulagðar voru fimm styttri æfingagöngur, fjórar fjallgöngur og ein tveggja daga gönguferð.

Göngunefndina skipuðu: Björk Kristófersdóttir, Sigurjón Einarsson og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir.

Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir allar göngur ársins 2014 á vegum UMSB.

30. apríl	1. æfingaganga	Nágrenni Hafnarfjalls	9 mættir
7. maí	2. æfingaganga	Nágrenni Hafnarfjalls	11 mættir
14. maí	Fjall ársins, farið með gestabók	Hafnarfjall	8 mættir
21. maí	Fjallganga	Hallarmúli	6 mættir
28. maí	3. æfingaganga	Nágrenni Hafnarfjalls	4 mættir
4. júní	4. æfingaganga	Nágrenni Hafnarfjalls	4 mættir
11. júní	Fjallganga	Varmalækjarmúli	10 mættir
18. júní	5. æfingaganga	Nágrenni Hafnarfjalls	0 mættir
25. júní	Fjallganga	Skessuhorn	16 mættir
6.-7. júlí	2 daga gönguferð	Vatnaleið	20 mættir

Af reynslu síðustu ára var ákveðið að einskorða starfið við vormánuðina og fara ekki langt inní sumarið með skipulagðar göngur. Starfið hófst formlega 30. apríl þegar fyrsta æfingagangan var farin. Í framhaldinu voru skipulagðar vikulegar göngur á fjöll eða s.k. æfingagöngur í nágrenni Hafnarfjalls.

Markmiðið með æfingagöngunum var að hittast þær vikur sem engin fjallganga var skipulögð, þannig fengist meiri samfella í starfið, allir gætu komið og þjálfað upp göngupolið í góðum hópi.

Fjallgöngurnar voru ekki fjölmennar, þó voru þær flestar í léttari kantinum. Flestir gengu á Skessuhornið eða 16 manns, sem var merkilegt fyrir þær sakir að ekki var góðu skyggni fyrir að fara.

Fjölmennasta gangan var 6.-7. júlí þegar gengnar voru tvær af þremur dagleiðum s.k. Vatnaleiðar. Rúta keyrði hópnum frá Borgarnesi út í Hallkelsstaðahlíð, þaðan var gengið yfir í Hítardal þar sem gist var í skála og seinni daginn var gengið frá skála í Hítardal yfir að Torfhvalastöðum í Langavatnsdal. Þangað var hópurinn sóttur í rútu og keyrt í Borgarnes. Kostnaður við þessa ferð var í lágmarki eingöngu rútu og kofagjald sem deildist á þátttakendur. Fólk sá sér sjálft fyrir öllum mat og því var allt utanumhald einfalt. Að skipuleggja slíka ferð er ekki mikið verk en það sem göngunefndin lærði af henni var, hversu mikilvægt það er að gera öllum grein fyrir að þeir væru þarna á eigin ábyrgð og til að fara í slíka göngu þyrfti fólk að gera sér grein fyrir eigin getu.

Það er ánægjulegt til þess að vita að um landið allt geisar mikill útivistaráhugi sem endurspeglast í auknum fjölda gönguhópa og þeirra sem skipuleggja hinar ýmsu ferðir ýmist á fjöllum eða lengri leiðir. Staðan er í rauninni þannig í dag að það er samkeppni um fólk, framboðið er mikið og þess sjást skír merki í mætingum í hefðbundnar UMSB göngur. Það sem vekur athygli þegar skoðaðar eru mætingar í göngur á vegum UMSB þá virðist vera meiri eftirspurn eftir meira krefjandi göngum samanber fjallgöngu á Skessuhorn og gönguferð um Vatnaleið. Það vekur því upp spurningar hvort rétt sé að UMSB setji meiri kraft í að skipuleggja slíkar göngur? Annað sem gæti haft áhrif á mætingarnar er tímasetningin. Það er þó líklegt að mikið framboð á afþreyingu hafi þarna mest að segja og spurning hvort það að UMSB sé til staðar og haldi út sínu hefðbundna göngustarfi (án tilkostnaðar) sé ekki bara best.

Með þökk fyrir góð gönguár og með von um enn fleiri!

f.h. göngunefndar UMSB Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

Aðildarfélög UMSB

Félag	Fjöldi félagsmanna
UMF.Íslendingur	215
UMF.Dagrenning	68
UMF.Reykdælir	163
UMF.Stafholtstungna	188
UMF.Egill Skallagr.	48
UMF.Skallagrímur	1149
UMF. Björn Hítid.	64
HMF. Skuggi	267
HMF. Faxi	274
GK Borgarness	216
GK Glanni	75
GK Húsafells	23
GK. Skrifla	19
DÍB	36
Ungm. og íþrf. Hvalfj.	51
Frjálsíþróttaf. Bgf.	33
Skotfélag Vesturlands	104
Samtals	2993

Ársskýrslur aðildarfélaga UMSB

Dansípróttafélag Borgarbyggðar



Dansípróttafélag Borgarbyggðar gekk vel frá stofnun þess þann 25 júní 2014.

Eftir að hafa náð samningum við tvo ólétta danskennara þá var farið á fullt að reyna að fá aðstöðu fyrir æfingar, og gekk það bara nokkuð vel eftir fund með nýjum bæjarstjóra Borgarbyggðar Kolfinnu Jóhannesdóttir.

Við fengum afnot af tilbúnum dansæfingasal í kjallara Hjálmakletts, en þurftum að koma þar fyrir húsgögnum o.fl. til að hægt væri að skipta um skó og setjast niður á milli æfinga. En betur má ef duga skal.

Fyrir utan allar æfingar og einkatíma afrekshópsins okkar, þá var til dæmis haldin sameiginlega æfingarhelgi með Dansfélagi Reykjavíkur í september þar sem mikið var dansað en margt annað líka gert sér til skemmtunar og gekk hún mjög vel.

Krakkarnir kepptu öll á nokkrum mótum síðasta ári þar sem þau voru að komast af og til í úrslit og ná jafnvel í verðlaunasæti í sínum flokkum.

Við erum stolt af þeim öllum.

Kveðja stjórn DB.



Dansípróttafélag Borgarfjarðar

Stjórn DÍB:

Guðrún Hildur Þórðardóttir, formaður

Ástríður Guðmundsdóttir, varaformaður

Guðrún Björk Friðriksdóttir, gjaldkeri

Guðrún Elfa Hauksdóttir, ritari

Til vara:

Björn Einarsson

Þetta var fimmta starfsár Dansípróttafélags Borgarfjarðar. Áframhaldandi samstarf var gert við Loga Vigþórsson danskennara. Það er félaginu mikið hjartans mál að efla almennan dans í Borgarfirði með það að leiðarljósi að hafa gaman. Settir voru upp hópar sem lærðu fjölbreyttan dans þar sem allir fundu eitthvað við sitt hæfi.

Á vorönn vorum við með barna hóp og einnig buðum við upp á kennslu fyrir fullorðna einu sinni í viku. Í október fórum við af stað með viku námskeið sem kallað var "Allskonar dans með Loga". Þetta námskeið var gríðalega vel sótt og voru um 40 þátttakendur sem skemmtu sér mjög vel og í lokin var sýning fyrir foreldra. Námskeiðið var fyrir 1.-10. bekk.

Við sinntum líka þeim sem hafa áhuga á keppnisdansi. Dansípróttafélag Borgarfjarðar var í góðu samstarfi við Dansípróttafélagið Hvönn í Kópavogi og voru tvö pör í meistaraflokki sem æfðu hjá þeim en kepptu fyrir DÍB. Borgfirðingarnir Arnar Þórsson og Daði Freyr Guðjónsson dönsuðu við dömur af höfuðborgarsvæðinu. Einnig sóttu félagar úr DÍB æfingar í Hafnarfjörð hjá DÍH.

Á fyrsta móti vetrarins sem var í janúar kepptu 5 pör úr DÍB og náðu þeim góða árangri að dansa til úrslita í sínum flokki.

Á mótinu sem haldið var í mars kepptu tvö pör frá okkur í meistaraflokki fullorðinna og bæði pörin dönsuðu til úrslita.

Um páskana kepptu þau Birgitta Björnsdóttir og Benjamín Karl Styrmisson í Blackpool og gekk þeim mjög vel en þetta var í 4.sinn sem þau keppa á því móti en þau eru fædd 2001.

Tvö meistaraflokkspör tóku þátt í hinn árlegu Copenhagen Open keppni sem var í febrúar, þau Arnar Þórsson og Ásdís Sólveig Jónsdóttir og Daði Freyr Guðjónsson og Þorbjörg Valdimarsdóttir.

Daði og Þorbjörg komust í A landsliði Dansípróttasambands Íslands og unnu sér keppnisrétt á Evrópumeistaramóti í latin dönsum sem haldið var í Danmörku í apríl en aðeins tvö pör frá hverju landi fá þáttökurétt.

Stjórn DÍB vill þakka öllu því frábæra fólki sem stutt hefur við bakið á okkur og gert okkur kleift að vinna að því að auka gleði og skemmtun barna í Borgarfirði með dansípróttinni.

Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar

Frjálsíþróttafélagið stóð fyrir “hefðbundinni starfsemi” ef svo má segja um þetta tveggja ára gamla félag. Axel Sigurðsson, sá um þjálfun krakkanna frá áramótum og fram á vor. Góð þátttaka var á æfingunum og var þeim skipt í eldri og yngri hóp en alls voru á milli 20 og 30 iðkendur. Einnig stóð FB fyrir æfingum á Kleppjárnsreykjum. Í vor tók Unnur Jónsdóttir við þjálfun og var með æfingar í Borgarnesi, á Varmalandi og á Hvanneyri. Í allt voru um 30 krakkar að æfa hjá henni, en einnig voru æfingar á Kleppjárnsreykjum sem Hafsteinn Þórisson sá um en þeim var hætt v. lélegrar þátttöku. Í júní stóð Frjálsíþróttafélagið fyrir Frjálsíþróttaskóla UMFÍ og FRÍ. Þátttakendur í skólanum voru 21 og komu þeir allstaðar af Vesturlandi og Vestfjörðum. Bjarni Þór sá um þjálfun í skólanum en fyrir utan stífar æfingar voru haldnar kvöldvökur með leikjum, þrautum og almennri samveru. Frjálsíþróttaskólinn er ein stærsta fjáröflun félagsins yfir árið og skipta vaskir foreldrar með sér vöktum og eldamennsku í þá viku sem skólinn stendur yfir.

Í september tók Bjarni Þór við þjálfun fyrir félagið. Ljóst var að þátttaka hefði aukist svo mikið að fjölga þyrfti æfingum. Eldri hópurinn, um 20 krakkar, æfa núna tvisvar í viku, annarsvegar í íþróttahúsinu og hinsvegar á útiæfingum eða í þreksal. Yngri hópurinn sem er enn fjölmennari æfir hinsvegar einu sinni í viku en í þeim hóp hafa verið um 30 krakkar.



Iðkendur frjálsíþróttafélagsins hafa verið duglegir að sækja mót og æfingar með gestþjálfurum sem í boði hafa verið í boði Sam Vest samstarfsins. Hér eru Davíð Freyr, Stefán Jóhann og Elvar Örn á SamVest æfingu í Kaplakrika.

Allir keppendur félagsins hafa staðið sig með prýði og margir staðið framarlega í sínum greinum en t.a.m. sáust félagar í Frjálsíþróttafélaginu alloft á palli á Unglingalandsmóti UMFÍ í Skagafirði um verslunarmannahelgina auk þess sem mörg Borgarfjarðarmet féllu á árinu. Afrekaskrá í frjálsíþróttum hefur reyndar ekki verið sinnt í langan tíma, en stefnir Frjálsíþróttafélagið á að yfirfara hana og uppfæra enda nokkur ár síðan hún var uppfærð.

Í lok árs var ákveðið að stefna á keppnisferð til Svíþjóðar á Gautaborgarleika og hafa 5 iðkendur félagsins skráð sig til leiks ásamt nokkrum öðrum úr SamVest hópnum og halda til Svíþjóðar til keppni í byrjun júlí.

Þó að flestir iðkendur félagsins séu afar duglegir að sækja æfingar, ákvað stjórn félagsins að veita þeim iðkendum sem best mættu árið 2014 viðurkenningu fyrir dugnað. Voru það þau Ingibjörg Brynjólfsdóttir, Elvar Örn Einarsson og Rúnar Freyr Einarsson sem fengu viðurkenninguna og var hún afhent á uppskeruhátíð UMSB í byrjun árs 2015.



Ingibjörg Brynjólfsdóttir, Elvar Einarsson og Rúnar Einarsson taka við viðurkenningu fyrir besta ástundun 2014 af Bjarna Þór Traustasyni þjálfara.

Hrönn Jónsdóttir
Form. Frjálsíþróttafélags Borgarfjarðar

Golfklúbburinn Glanni

Golfvöllurinn Glanni var opnaður um hvítasunnuhelgina, þrátt fyrir mikið kal á flötum. Veturinn var mjög erfiður og klaki lá lengi yfir öllum flötum. Það kom til tals að við myndum reyna að brjóta klakann af í vetur en það var hætt við það. Flatirnar náðu sér ekki nógu vel í sumar og því þurfum við að grípa til róttækra aðgerða næst vor. Við fórum í samstarf við golfvöllinn í Borgarnesi um verklegar framkvæmdir og sameiginlega leigu á tækjum sem klúbbarnir eiga ekki. Ákveðið hefur verið að taka aftur upp samstarf við Grastec næsta sumar. Gerð verður verkáætlum fyrir næstu þrjú árin sem unnið verður eftir til að koma flötunum í gott ástand aftur, laga stíga, búa til æfingapúttsvæði, æfingavöll með nokkurm holum og örugglega margt fleira. Sláttuvélarnar okkur eru komnar til ára sinna og voru lagfærðar fyrir sumarið og voru þær því í nokkuð góðu ástandi í sumar þrátt fyrir háan aldur. Stærsta verkefnið okkar núna er endurnýjun / lagfæring á tækjum, laga flatir og hugsanleg kaup á pallbíl.

Einn starfsmaður sá um slátt á vellinum en vegna þess hvað rigndi mikið þá var mjög mikil grassprett og hafði hann vart undan að slá framan af sumri. Borið var á pall við golfskála, borð, bekki, teigamerkingar og hæla. Klúbburinn fjárfesti í 20 feta gámi, hurð var sett á hann og þá geta félagsmenn fengið aðgang að honum ef þeir vilja og geymt golfsettið sitt í honum á meðan þeir dvelja á svæðinu.

Eins og undanfarin ár þá höfum við séð um að slá gras við nokkra bústaði. Við fengum verktaka til að sjá um þetta í sumar en æskilegast er að fá starfsmann í sveitinni til að sjá um þetta verk næsta sumar og myndi þessi starfsmaður líka nýtast á vellinum þegar á þarf að halda.

Við vorum í samstarfi við Bifröst í sumar og reiknum með að þetta samstarf haldi áfram næsta sumar. Hótel Bifröst og Glanni voru með tilboð í sumar á gistingu og golfhring. Starfsmaður Bifröstar stóð vaktina í skálanum í allt sumar og reyndi að þjóna okkur sem allra best og við reiknum með að njóta hans starfskrafta næsta sumar. Aðsókn að vellinum var oft mikil þegar veður var gott um helgar og var verslunarmannahelgin stærsta helgin okkar.

Eitt innanfélagsmót var haldið í haust, Glannaleikarnir, texas scramble var leikið og var það mjög gaman, en fleiri félagsmenn hefðu mátt mæta. Þetta er kjörið tækifæri til að kynnst félagsmönnum. Eins og undanfarin ár þá tókum við þátt í Golfmóti GSÍ forsetabikarnum sem var haldinn í sumar á Leirdalsvelli.

Þrátt fyrir lélegt veður í sumar var afkoman ágæt og fleiri golfarar heimsóttu völinn okkar. Vellinum var lokað í október þegar við tókum flögg og allar merkingar af vellinum. Félagsmenn geta farið inn á völinn og spilað en ekki er gott að fara inn á flatir því þær eru viðkvæmar þegar frost er í jörðu. Nú er stjórnin farin að undirbúa næsta sumar og vonumst við eftir því að veturinn fari nú mjúkum höndum um völinn og vorið og sumarið verið okkur hliðhollt.

Stjórnin var endurkjörin á aðalfundi sem haldinn var í byrjun desember. Í stjórn sitja: Snorri Þórðarson formaður, Garðar Hilmarsson, Kolbeinn Pálsson, Jónas Magnússon, Viðar Þorsteinsson og varamaður er Jón Freyr Jóhannsson.

Sjáumst hress og kát á vellinum okkar næsta sumar.

Hestamannafélagið Faxi

Starf hestamannafélagsins Faxe árið 2014 var með nokkuð hefðbundnu sniði. Í upphafi árs byrjuðu KB mótin, sem eru samstarfsverkefni Faxe og Skugga. Það er alltaf jafn mikill áhugi fyrir þessum mótum og skemmtileg stemning í kringum þau.

Félagið hélt íþróttamót í byrjun maí, í samstarfi við Skugga. Einnig hélt það sameiginlegt gæðingamót, sem var um leið úrtaka fyrir landsmót.

Landmót var haldið á Hellu og áttum við okkar fulltrúa þar í flestum flokkum, en heimild var til að senda 3 fulltrúa í hvern flokk. Ekki náðist að fullmanna í alla flokka en fulltrúum okkar, sem á mótið fóru, gekk bara nokkuð vel og voru þeir félaginu til sóma.

Það kom í okkar hlut að halda bikarmót Vesturlands í ár og var það haldið á Miðfossu í ágúst. Þátttaka var þokkaleg og mótið gekk vel.

Sú nýbreytni var að Faxagleðin var haldin á Stóra-Kroppi í byrjun ágúst. Var það hin besta skemmtun og tókst í alla staði mjög vel.

Sá langþráði draumur varð á árinu að reiðhöllin Faxaborg varð skuldlaus við bankann, en það er þó ekki svo að við séum laus allra mála, því rekstur hallarinnar er þungur og verður að halda vel á spöðunum til að hann standi undir sér.

Knapamerkjanámskeið fyrir börn voru haldin á Skáney í samstarfi við GBF. Það náðist góð þátttaka og var mikil ánægja með þau. Stefnt er að því að halda þessu samstarfi áfram í vetur ef mögulegt er.

Rúna Einarsdóttir kom til okkar með helgarnámskeið í vetur. Það fékk mjög góða aðsókn og fylltist fljótt á það. Hún hélt fyrirlestur í félagsheimili Skugga á laugardagskvöldinu en þar hefði verið skemmtilegt að sjá svolítið fleiri.

LH þing var haldið á Selfossi í haust. Þinginu var frestað eftir deilur um næsta landsmótsstað og formaður og síðan stjórn sambandsins sagði af sér. Í kjölfarið var skotið á formannafundi og síðan framhaldsþingi sem haldið var í Rvk. Þar var kjörin ný stjórn LH.

Formenn hestamannafélaganna 5 á Vesturlandi hafa haft þann sið að hittast 2-3 á ári undanfarin ár þar sem raðað er niður mótum og uppkomum félaganna svo þau rekist síður

á. Eins hefur verið töluverð samvinna á milli þessara félaga til að ná niður kostnaði í hinum ýmsu þáttum.

Nú var haldin, annað árið í röð, uppskeruhátíð Vestlenskra hestamanna. Í fyrra var hún í Stykkishólmi en í ár var hún haldin á Laugum í Sælingsdal. Næsta haust er komin röðin að Faxamönnum að halda þessa hátíð. Áætlað er að sú samkoma verði haldin á Hótel Húsafelli, sem nú er í byggingu og verður tilbúin í vor.

Fjórðungsmót Vesturlands sem haldið var á Kaldármelum 2013 hefur nú loks verið gert upp fjárhagslega. Þar kom í ljós að svolítið tap varð á mótinu eða 386.555 kr. Í hlut Faxe kom að greiða 77.311 kr.

Á árinu voru haldnir 4 stjórnarfundir, en mörg mál leyst í gegnum síma og tölvupóst.

Í tilefni af áttæðisafmæli eins af okkar elstu og traustustu félögum, Ólafar Kolbrúnar Guðbrandsdóttur, voru henni færð blóm á afmælisdaginn í haust.

Fh. hestamannafélagsins Faxe
Kolbeinn Magnússon formaður.

Hestamannafélagið Skuggi

Stofnað 01. Janúar 1990

Félagar: 268

Stjórn félagsins, kosin á aðalfundi Skugga þann 04. desember 2014:

Stefán Logi Haraldsson, form.	stefan@limtrevirnet.is
Reynir Magnússon, varaform.	reynir@loftorka.is
Kristján Þ. Gíslason, ritari	kristgis@simnet.is
Svanhildur Svansdóttir, gjaldkeri	svany@postbox.is
Sigurþór Óskar Ágústsson, meðstj.	austurholt3@simnet.is

Varastjórn:	Sigríður Jóna Sigurðardóttir	hraunholt@simnet.is
	Birgir Andrésson	birgir@loftorka.is
	Erla Rún Rúnarsdóttir	erlarun91@gmail.com

Stjórn félagsins á starfsárinu 2014, sem kosin var á aðalfundi Skugga þann 13. janúar 2014 var þannig skipuð:

Stefán Logi Haraldsson, form., Reynir Magnússon, varaform., Kristján Þ. Gíslason, ritari, Arnar Már Gíslason, gjaldkeri og Sigurpór Óskar Ágústsson, meðstj.

Varastjórn skipuðu þau: Sigríður Jóna Sigurðardóttir og Birgir Andrússon og hafa þau einnig verið boðuð til allra funda stjórnar.



Frá aðalfundi Hmf. Skugga, í félagsheimilinu við Vindás, 13. janúar 2014

Nýkjörin stjórn hóf starf sitt á að fara yfir þær áherslur sem starfið framundan þyrftu að hafa og var byrjað á því að skipta nefndum félagsins niður á ábyrgðarsvið stjórnarmanna með það í huga að hver stjórnarmaður bæri ábyrgð á að starf viðkomandi nefnda væri virkjað og vera um leið tengiliður stjórnar við þá nefnd. Þetta á að vera til að dreifa starfinu í stjórninni og reyna að tengja betur við nefndir, en þetta kerfi höfum við viðhaft um nokkurra ára skeið og gefist vel.

Stjórnin hélt á starfsárinu 6 bókaða stjórnarfundi, auk allmargra óformlegra funda stjórnarmanna með nefndum félagsins, stjórnnum annarra hestamannafélaga á Vesturlandi, starfsmönnum sveitarfélagsins og fleiri aðilum er tengjast starfseminni. Þá hefur undirritaður sótt formannafundi hjá UMSB og LH, sambandsþing UMSB og landsþing LH, ásamt fleiri félögum í Skugga. Þá hafa fulltrúar stjórnar félagsins mætt á aðalfundi í hlutafélagunum Reiðhöllin Vindás ehf. og Selás ehf.

Til að koma upplýsingum um viðburði og starfsemina til félagsmanna hefur sem áður að mestu verið notast við heimasíðu félagsins, fésbókarsíðu félagsins (í umsjón unglinganna okkar) og með fjölpósti á netfangalista félagsins.

Heimasíðan okkar er sem fyrr mjög þýðingamikill miðill til að hafa samskipti við félagsmenn og aðra sem vilja fylgjast með starfi okkar.

Mótahald á vegum félagsins var sem fyrr mjög blómlegt á árinu og stóð mótanefnd okkar fyrir Gæðingamóti, Íþróttamóti og firmakeppni, ásamt úrtöku fyrir landsmótið sem haldið var á Hellu í sumar, en sú úrtaka var sameiginleg hjá öllum hestamannafélögum hér á Vesturlandi og unnu öll félögin sameiginlega að henni. Gæðingamótið og Íþróttamótið voru síðan haldin í samstarfi við Hmf. Faxe og eins var með KB mótaröðina, en þar voru haldin þrjú mót í samstarfi félaganna. Kaupfélag Borgfirðinga var áfram styrktaraðili mótaraðarinnar og styrkti það að vanda með mjög myndarlegum hætti. Þá var haldið kvennatölt í reiðhöllinni í apríl, fyrir tilstuðlan framtaksamra aðila og tókst það með miklum ágætum.

Æskulýðsnefndin stóð fyrir mjög öflugu og fjölbreyttu starfi, að vanda og var snemma á starfsárinu haldinn kynningarfundur með þátttakendum og aðstandendum þeirra. Í félaginu eru á milli 40 og 50 börn, unglingar og ungmenni, sem sækja það starf sem í boði er hjá félaginu og hlýtur það nú að teljast nokkuð gott hlutfall af heildarfélagafjölda. Nefndin hafði sem fyrr veg og vanda af framkvæmd og skipulagi við knapamerkin og var á starfsárinu kennt knapamerki 1,2,3 og 5 og var þátttaka okkar félaga afar góð. Voru sjö nemendur í knapamerki 1, þrír nemendur í knapamerki 2, fjórir nemendur í knapamerki 3 og 11 nemendur í knapamerki 5, þar sem allir nema einn útskrifuðust í vor.

Þetta voru fyrstu útskriftarnemarnir hjá okkur í knapamerki 5 og hefur víst ekki áður útskrifast svo stór hópur hjá neinu félagi á landinu.



Útskriftahópurinn, ásamt Heiðu Dís Fjeldsted.

Allur hópurinn sem tók prófið náði lokaútskriftinni með glæsibrag og voru þarna á meðal hæstu einkunnir sem náðst hafa yfir landið. Reiðkennari í öllum knapamerkjanámskeiðunum var Heiða Dís Fjeldsted og á hún skilið verulegt hrós og aðdáun fyrir frábæra frammistöðu sína og árangur.

Krakkarnir okkar tóku þátt í Vesturlandssýningunni, sem haldin var í reiðhöllinni í lok mars og þá var æskulýðsnefndin með í boði almennt reiðnámskeið, fyrir vana (börn, unglingar og ungmenni) og eins reiðnámskeið fyrir byrjendur og lítið vana (þátttakendur þar voru á aldrinum 3-8 ára).

Þá stóð Æskulýðsnefndin fyrir skemmtilegri nýjung með því að halda glæsilegan Æskulýðsdag Skugga, þann 01. júní s.l., sem heppnaðist frábærlega og var aðstandendum og þátttakendum til mikils sóma. Upphaflega var dagurinn hugsaður sem Æskulýðsdagur Vesturlands og voru öll félögin áhugasöm að halda slíkan dag, en þegar á hólminn var komið þá bökkðu hin félögin öll út og Skuggi stóð þar með eitt að þessum glæsilega degi, sem vonandi getur orðið árlegur viðburður og þá jafnvel með þátttöku hinna félaganna á Vesturlandi líka. Sigrún Katrín Halldórsdóttir var nefndinni til fulltingis í þessum viðburði og sá um skipulagningu og þjálfun að mestu leyti. Frábært starf Sigrúnar er hér með þakkað.

Landsmót LH var haldið á Hellu í sumar, eins og allir vita, en þar tóku þátt þrír keppendur frá Skugga í hverjum af þessum þremur flokkum barna-, unglinga- og ungmenna. Stóðu krakkarnir sig öll vel á landsmótinu og komst einn keppandi í barnaflokki (Berghildur Björk Reynisdóttir) áfram í milliriðil og einn keppandi í unglingaflokki komst síðan áfram í B-úrslit (Atli Steinar Ingason).



Frá Æskulýðsdegi Skugga, sem haldinn var 01. júní 2014 í reiðhöllinni Faxaborg.

Samstarf átti að vera á starfsárinu með Æskulýðsnefndum Faxe og Skugga, en það verður nú að segjast eins og er að fulltrúar Faxe tóku lítinn þátt í starfinu að þessu sinni og lítil þátttaka varð frá þeirra börnum og unglingum, í starfinu. Vonandi eru þetta bara smá byrjunarörðugleikar hjá okkur, en það er klárlega vilji beggja félaganna að samstarfið verði aukið, til hagsbóta fyrir alla unga hestamenn í Borgarfirðinum.

Beitarmálin hjá okkur í Skugga hafa verið með svipuðu sniði og undanfarin ár en ásókn í hagabeit var þó heldur minni í ár, en undanfarin ár. 266 hross voru skráð í sumarbeit (voru 290 í fyrra), 78 hross voru skráð í haustbeit (voru 75 í fyrra) og 78 hross voru skráð í heilsársbeit (voru 75 í fyrra). Beitarnefndin sá um úthlutun beitarhólfanna og umsjón með þeim, sem fyrr og gekk það vel fyrir sig og vandamálalaust að útvega beit fyrir þau hross sem sótt var um fyrir.

Beitarnefndin hefur það hlutverk að sjá um að framfylgja leigusamningum okkar við Borgarbyggð og Holtslandið og uppfylla þau ákvæði sem þar er að finna, svo sem smölun á haustin o.þ.h. Ennþá er staðan þannig með þennan beitarssamning að hluti af því svæði sem okkur var úthlutað í samningnum 2008 er ekki ennþá til afnota fyrir okkur, en eitthvað hefur þó þokast í að sveitafélagið sé að vinna í að ganga eftir að þessar landnema-spildur verði innleystar, eða að minnsta kosti komist til botns í því hvort sveitafélagið hefur yfir þeim að ráða, eða landnemarnir sjálfir sem nýtt hafa þessi svæði.

Reiðveganefnd var að vanda vel á verði gagnvart fjárframlögum til reiðvegagerðar og öfluðu um 1,3 millj. króna til reiðvegagerðar og framkvæmdu nánast fyrir alla þá upphæð. Starf reiðveganefndar er öflugt og menn þar stöðugt á varðbergi, en þar hafa menn ávallt reynt að huga að nýjum reiðvegum og eins að viðhalda þeim reiðvegum sem fyrir eru á okkar forræði,

Skugga-manna. Mikið starf er þó að sjálfsögðu ennþá framundan í reiðvegagerð út frá félagssvæði okkar og í næsta nágrenni okkar.

Umhverfisnefnd félagsins hafði vakandi augu fyrir umhverfismálunum í hverfinu og var farið í hefðbundna tiltekt og reynt að ýta við félagsmönnum um bætta umgengni. Umhverfis- og umgengnismálin ættu að vera okkur ofarlega í huga bæði í hesthúsahverfinu og eins á vallarsvæðinu, á reiðgötunum, á áningastöðunum og í reiðhöllinni okkar.

Ferðanefnd Skugga stóð að vanda að fjöruferð í Rauðanesfjörur, um páskana og síðan var síðsumarferðin farin í Löngufjörur í lok júlí s.l., en þátttaka í henni var því miður ekki í samræmi við væntingar og þarf virkilega að fara að huga að því hvernig félagsmenn vilja viðhalda þessu skemmtilega starfi, að félagsmenn ferðist saman, á vegum félagsins. Tímasetning sumarferða þarfnast nánari skoðunar.

Firmanefnd var öflug á þessu ári og toppaði árangur fyrra árs, í söfnun firmaáheita. Hlutverk nefndarinnar hefur hingað til einungis snúist um að safna áheitum fyrir firmamótið okkar, en mótanefnd hefur síðan séð um framkvæmd sjálfrar firmakeppninnar og kaffinefnd um sölu veitinga í félagsheimilinu. Skiptar skoðanir hafa verið undanfarið um hvort firmanefndin eigi alveg að sjá um þessa firmakeppni og þar með mótið sjálft, en bent hefur verið á að þarna sé um óformlegt mót að ræða og vel hægt að hugsa sér að gera eitthvað óhefðbundið og skemmtilegt á þessum degi, til að brjóta upp vanann og hefðirnar.

Húsnefnd félagsheimilis hefur átt nokkra fundi á starfsárinu og framundan eru miklar framkvæmdir og breytingar á félagsheimilinu sem ánægjulegt er að kynna hér. Áform nefndarinnar er að eldhúsið verið tekið í gegn og endurnýjað, núverandi plássi í eldhúsi verði skipt í tvennt og helmingur þess verði endurnýjaður með nýrri eldhúsinnréttingu og nýjum tækjum sem sinnt geti betur þeim kröfum sem menn geta gert til slíkrar aðstöðu. Nýtt eldhús á að nýtast betur og auka möguleika okkar á að leigja húsið út fyrir hina ýmsu viðburði, auk þess sem það mun nýtast okkur betur í okkar starfsemi hjá félaginu. Hinn hluti eldhússins verður síðan að ágætri skrifstofuaðstöðu fyrir starfsemina þar sem nefndir og stjórn ættu að geta fundað og pláss ætti að vera fyrir gögn og búnað sem félagsstarfið okkar þarfnast. Þá er hugmyndin að breyta klósettunum og breikka ganginn, en núverandi klósettaðstaða er ekki að uppfylla þær kröfur sem gera þarf í svona húsnæði, má þar nefna að klósett fyrir fatlaða verður útbúið samkvæmt kröfum þar um. Framtíðarplanið er síðan að loka núverandi útidyrum á langhlið, sem er aðkoman frá götunni, en í staðinn verði opnaðar dyr í átt að vellinum (austan við) og þar verði hægt að hafa skemmtilegan pall, sem eflaust mun nýtast á skemmtilegan hátt ef af verður. Frekari frágangur utanhúss og lagfæring og málningarvinna er síðan næstu skref, eftir breytingarnar innanhúss.

Kaffinefnd félagsins skilaði góðu starfi í sumar og verulega auknum tekjum, miðað við fyrri ár. Það eru oft langar vaktir sem nefndarmenn þurfa að standa og undirbúningur gjarnan töluverður fyrir mótsdagana, svo sem við bakstur og eldamennsku.

Rafmagnsnefnd félagsins hefur haft hefðbundinn starfa á árinu, við viðhald endurbætur og nýlagnir í hverfinu og á vallarsvæðinu okkar. Gengið var frá endurnýjun á lýsingu í Vindásnum. Næsta verkefni nefndarinnar verður síðan líklega lýsing á reiðleiðinni frá hesthúsahverfinu yfir í reiðhöllina, við enda gamla hringvallarins og í gegnum skógargróðurinn norðan við reiðhöllina.

Starfsemin í reiðhöllinni FAXABORG var með nokkuð hefðbundu sniði á starfsárinu og mikil vinna var þar innt af hendi, m.a. af hálfu okkar fulltrúar í rekstrarfélaginu. Viðburðir voru allmargir, eins og undanfarin ár, svo sem KB Mótaröðin, dansleikur síðasta vetrardag, Vesturlandssýningin (sem var sem fyrr í samstarfi allra félaganna á Vesturlandi), kvennatölt í dimblyvikunni og einhverjir fleiri viðburðir sem ég gleymi efalaust. Vesturlandssýningin þótti enn og aftur takast mjög vel og góður rómur gerður af þessum skemmtilega viðburði okkar Vestlendinga. Margt fleira mætti líklega tína til af viðburðum í höllinni og mikil traffík var þar yfirleitt um vetrartímamann – en töluvert rólegra í sumar og haust.

Reiðhöllin Vindási ehf., sem er félagið sem heldur utan um eignarhaldið á reiðhöllinni, er nú búíð að greiða upp lán sitt við Arionbanka og er félagið nú orðið skuldlaust eigendum sínum, sem er í raun frábær áfangi. Framundan er nú að gera rekstrarsamning við sveitafélagið Borgarbyggð, eins og tíðkast um önnur íþróttamannavirki og svo hafa menn verið að velta fyrir sér áformum um smá framkvæmdir til að klára nokkur ófrágengin atriði við bygginguna, svo sem anddyri, flóttaleið úr sal á efri hæð og loftræstingu í hesthúsi, svo eitthvað sé til talið.

Landsþing LH var haldið á Selfossi í október s.l., svo sem allri þjóðinni er orðið vel kunnugt um og hlotið hefur mikla umfjöllun og athygli m.a. fjölmiðla, framhaldsþing var síðan haldið í byrjun nóvember í Reykjavík og þar kosinn nýr formaður fyrir samtökin, vestlendingurinn Lárus Ástmar Hannesson og einnig kosin ný og öflug stjórn fyrir LH. Á framhaldsþinginu í Reykjavík var kosið á milli okkar og Fáks um Íslandsmót yngri flokka fyrir árið 2016, sem þessi félög höfðu bæði sótt um, ásamt reyndar Sleipnismönnum sem drógu umsókn sína til baka á þinginu og ætluðu að afhenda það Fáks-mönnum. Niðurstaðan varð sú að Íslandsmót yngri flokka verður haldið í Borgarnesi 2016 og munum við í Hmf. Skugga sjá um framkvæmd þess móts.

Nú hef ég hlaupið yfir það helsta í starfinu hjá okkar í Skugga á liðnu starfsári og reynt að koma sem flestum atriðum að, en væntanlega hefur eitthvað gleymst, sem vert hefði verið að geta um. Starfsemi félagsins hefur verið þónokkuð öflug og góð að mínu mati, þó vissulega megi mikið meira gerast í mörgum málaflokkum okkar. Ég merki yfirleitt samhug og vilja í félagsmönnum þegar rætt er um hin ýmsu verkefni sem vert væri að taka sér fyrir hendur í félaginu, en það skortir þó stundum á að við gefum okkur tíma til að framfylgja því sem menn vilja gjarnan að gert verði. Sjálfboðaliðastarf eins og unnið er í þessu félagi er ekki alltaf sjálfgefið og sjálfsagt, en það er alveg klárt að í 270 manna félagi þá leynist mikill framtakskraftur, ef félagarnir sjálfir vilja virkja hann. Stjórn félagsins hefur vissulega ákveðnar skyldur til frumkvæðis og að drífa starfið áfram, en mér finnst að allir félagar og

kjörnir nefndarmenn þurfi að líta svolítið í sinn barm og spyrja; hvað get ég gert til að koma þessu eða hinu í framkvæmd fyrir þetta ágæta félag? **Minnumst þess að „sameinuð stöndum við“ – en sundruð erum við í tómu tjóni!!**

Ég vil að lokum þakka öllum félagsmönnum fyrir gott samstarf á árinu og þá vil ég þakka sérstaklega þeim fjölmörgu félagsmönnum sem starfað hafa í nefndum félagsins, eða sinnt öðrum verkefnum fyrir það, á starfsárinu. Þá vil ég þakka stjórnarmönnum fyrir gott starf á árinu, en stjórnarmenn hafa lagt mikið að mörkum við starfið hjá félaginu okkar.

Hestamannafélagið Skuggi

Stefán Logi Haraldsson, formaður

Mótorsportfélag Borgarfjarðar


Mótorsportfélag Borgarfjarðar (MSB) var stofnað þann 1. desember 2014 og stofnfélagar eru 69. Tilgangur með stofnun félagsins er að koma upp aðstöðu til ástundunar mótorsports í héraði og uppbyggingar félagsstarfs. Stefna MSB er að mótorsport sé stundað sem íþrótt með góðri aðstöðu og leiðbeinendum sem leiði til þess að við teflum fram öflugum fólki til keppni og almennir iðkendur stundi sportið af öryggi og leikni.



Umræða um stofnum mótorsportfélags hefur verið í gangi lengi og margar atrennur hafa verið gerðar til þess að fá svæði undir motocrossbraut án árangurs og of langt mál að telja hér upp. Með stofnun þessa félags og UMSB sem bakland sjáum við fram á vonbetri tíð og líkur á að motocrossbraut geti verið tilbúin í héraði fyrir Unglingalandsmót 2016.

Starfsemi á árinu var helst undirbúningur að stofnun félagsins og gríðarlega góður stofnfundur 1.des. Samstilltur hópur er í stjórn og vinnur að verkefnum vorsins sem eru þau helst að fá landsvæði undir brautir. Megináhersla er lögð á svæði undir motocrossbrautir fyrir börn og fullorðna ásamt endurobraut. Umsókn um landsvæði er farin til Borgarbyggðar og er gert ráð fyrir í henni stækkunarmöguleikar vegna rallycross og spyrnu. Meðvituð ákvörðun var tekin við stofnun félagsins að hafa það sem „móðurfélag“ mótorsports með

möguleika á deildaskiptingu, hvað svo sem verður. Stjórn MSB reiknar með að félagsmenn fái næg verkefni þegar vorar við uppbyggingu brauta og aðstöðu.



Stjórn MSB 2014: Magnús Indriðason meðstj. Finnbogi Jónsson varam. Jakob Guðmundsson form. Bergur Jónsson gjaldk. Viktor Ingi Jakobsson meðstj. og Kristín Gísladóttir meðstj.

Með bestu kveðju

Jakob Guðmundsson formaður MSB

Skotfélag vesturlands

Árið 2014 hefur verið viðburðaríkt hjá skotfélaginu, og ber þar hæst vígsla á inniaðstöðu félagsins sem þykir öll hin glæsilegasta. Við þetta tilefni var haldin sýning á byssum félagsmanna og var opið hús fyrir gesti og gangandi, mætti fjöldi manns og meðal margra góðra gesta voru helstu framámenn skotíþróttar á Íslandi sem og fulltrúar íþróttasambands Íslands ofl.



Mynd af keppni í loftgreinum þann 13 des.

Þá var í tilefni að sauðamessu í Borgarnesi opið hús hjá félaginu þar sem almenningur gat komið og fengið að kynna skotíþróttinni og fengið að skjóta undir leiðsögn.

Þann tuttugasta og fyrsta maí var svo haldið Vesturlands mótið í loftgreinum, haldið í samstarfi við Skotfélag Akraness, þar sem þrjátíu og sex manns þryettu keppni og voru margar af bestu skyttum landsins þar mættar, en þar var félagi Skotfélags Vesturlands krýndur vesturlandsmeistari í loftgreinum. Þá var haldið mót þann þrettánda des, í loftgreinum þar sem einnig var vel mætt en tuttugu og fimm manns þryettu þar keppni. Þrjú lið eða níu manns hafa svo tekið þátt í hinu svokallaða “sænska” móti þar sem keppt er í aðstöðunni hjá okkur og niðurstöðurnar sendar yfir netið.

Félagið hefur á árinu staðið fyrir verklegum hluta skotvopna námskeiðs fyrir Umhverfisstofnun, sem hefur skilað félaginu tekjum þá hefur félagið einnig staðið fyrir skotprófum fyrir hreindýraskyttur sem einnig hafa verið félaginu tekjulind. Þá hafa verið haldnar æfingar í inniaðstöðunni þrisvar í viku, sem hafa verið ágætlega sóttar. Innanfélagsmót hafa einnig verið haldin í .22 cal keppnisgreinum.



Mynd frá Vesturlandsmótinu sem haldið var þann 21maí.

Tekjur:

Tekjur félagsins eru eins og áður sagði námskeiðishald, ásamt skotprófum þá er helsta innkoman fólgin í félagsgjöldum ásamt styrkjum frá fyrirtækjum og einstaklingum.

Framtíðarsýn:

Það sem liggur fyrir hjá félaginu er að koma sér upp varanlegu skotsvæði, og er sú vinna langt komin og er að vænta þess að nú með vori geti hafist vinna á nýju svæði sem er þegar þetta er ritað í skipulagsferli hjá sveitarfélaginu Borgarbyggð. Þá er stefnt á keppni í inniaðstöðunni ásamt hefðbundnu félagsstarfi.

Þegar þetta er ritað eru félagar skotfélagsins eitthundrað og tólf talsins og er að vænta þess að það fjölgi talsvert þegar að útisvæðið verður komið, en stjórnin skynjar mikinn áhuga almennt í samfélaginu fyrir því að koma upp útiaðstöðu.

Fyrir hönd Skotfélags Vesturlands,

Þórður Sigurðsson.

Ungmennafélagið Björn Hítðælakappi

Í sumar fóru félagsmenn bæði stórir sem smáir og hreinsuðu hraungötuna frá Svarfhóli að Grjótá. Tókst það mjög vel og eftir skemmtilegan dag var boðið upp á veitingar. Síðar um sumarið var aftur farið af stað og hraungatan í gegnum Hagahraun hreinsuð. Voru þessi tvö verkefni unnin að tilstöðla reiðveganefnd Hestamannfélagsins Faxe og Borgarbyggðar.

Setur var upp dósagámur inn við Fjallhúsið við Hítarvatn til fjáröflunar.

Í Hítardalsrétt var félagið með veitingar til sölu.

Í október var farið í endurbætur á félagsheimilinu okkar og brugðu nokkrir fílhraustir félagsmenn sér upp á þak, rifu það af og undirbjuggu fyrir nýtt.

Ungmennafélagið Dagrenning

Starf Ungmennafélagsins Dagrenningar var með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár. Árið hófst að vanda með áramótagleði í félagsheimilinu Brautartungu, mæting hefði mátt vera betri en allir skemmtu sér vel engu að síður.



Aðalfundur var haldinn þann 22. janúar. Þá var þorvaldur Ingi Árnason kosinn formaður en hann tók við af Sigurði Ragnarssyni. Aðrir stjórnarmeðlimir eru Bjarnheiður Jónsdóttir, gjaldkeri og Guðrún Björk Friðriksdóttir, ritari.

Þorablót var að vanda haldið á þorraþræl og var það vel sótt og mikið um dýrðir.

Stjórn gekk til samninga við Kotakinn ehf. að fengnu samþykki aðalfundar. Var leigusamningur undirritaður þann 25. apríl og tók Kotakinn svo við félagsheimilinu þann 15. maí allt fram til 15. september. Haldið áfram með framkvæmdir við húsið og nú í samvinnu við Kotakinn. Eldhúsbekkir voru endurnýjaðir, lagðir voru rafmagnstenglar á flöt fyrir tjaldgesti, miðasöluherbergi breytt í ræstingakompu og lögð ný lögn fyrir starfsmannaklósett.

Dagana 16. og 17. júní var mikið um að vera hjá Ungmennafélaginu. Að kvöldi 16. júní var haldið sumarball í félagsheimilinu og tókst það einkar vel. Daginn eftir mættu svo sveitungar

til 17. júnígleði sem hófst með bátakeppni. Kaffiveitingar voru í félagsheimilinu að keppni lokinni og um kvöldið hittust félagsmenn svo, grilluðu saman og áttu góða stund.




Dagrenning stóð fyrir Ármóti í sundi í samvinnu við Ungmennafélagið Íslending og var það haldið í Hreppslaug um miðjan júlí. Veðrið lék nú ekki við mótsgesti en mótið var þó vel sótt og fór vel fram í alla staði.

Íþróttanefnd Umf. Dagrenningar grillar pylsur í Ármótsgesti.

Útleiga á húsinu utan leigutíma Kotakinnar var nokkuð góð. Meðal þeirra sem leigðu húsið var hljómsveitin Vintage Caravan sem tók þar upp væntanlega hljómplötu sína.

Stjórnarfundir voru 6 talsins á árinu.



Síðast en ekki síst er vert að minnast á piparkökuhúsasamkeppni félagsins sem haldin var á milli jóla og nýárs en bundnar eru vonir við að ný hefði sé að myndast og verður gaman að fylgjast með um næstu jól.

Hluti þeirra piparkökuhúsa sem bárust í samkeppni félagsins um jólin.

Stjórn Ungmennafélagsins Dagrenningar

Þorvaldur Ingi Árnason, formaður.

Guðrún Björk Friðriksdóttir, ritari.

Bjarnheiður Jónsdóttir, gjaldkeri.

Ungmennafélagið Egill Skallagrímsson

Starf félagsins var með svipuðum hætti og nokkur undanfarin ár. Stjórn ársins 2014 skipuðu Jóhann Pálsson formaður aðrir í stjórn voru Svandís Bára Steingrímsdóttir ritari, og Einar Ole Pedersen gjaldkeri.

Sökum veikinda formanns hefur það litla starf sem verið hefur, verið sinnt af öðrum stjórnarmönnum. Á aðalfundi sem haldin var 1. febrúar 2015 var kjörin ný stjórn og er formaður Sigurður Arilússon, Svandís Bára Steingrímsdóttir ritari og Einar Ole Pedersen gjaldkeri.

Fulltrúi frá félaginu mætti á formannafundi hjá UMSB. Nokkrir félagar komu saman í júní mánuði og tóku til á lóðinni við Lyngbrekku tíndu rusl og fleira. Í haust var farið í viðhaldsvinnu við félagsheimilið Lyngbrekku og lögðu þeir félagar fram vinnu og þjónustu við það verkefni með vinnu við rif á járn og fl. Og einnig við matsetseld og að gefa fæði til þeirra sem voru að störfum. Eins og skýrslan hér að ofan sýnir er ekki mikið eða fjölbreytt starf hjá félaginu en þó hefur verið skilað gögnum og skýslum sem félaginu ber að skila til ýmsra aðila. Stjórnin þakkar öllum sem lagt hafa félaginu lið með einum eða öðrum hætti á árinu og væntir áframhaldandi góðs samstarfs.

Með góðri kveðju
F.h. stjórnar Umf. Egills Skallagrímssonar
Einar Ole Pedersen

Ungmennafélagið Íslendingur

Æfingar sumar

Boltaæfingar á Sverrisvelli

Boltaæfingar fyrir börn fædd árin 2001-2008 mánudaga og miðvikudaga í 1 klst. hófust 4. júní. Þjálfari var Andrés Kristjánsson, háskólanemi og Aðalheiður Kristjánsdóttir, leikskólastarfsmaður. Þáttakendur voru 28.

Frjálsíþróttæfingar

Æfingar í frjálsum íþróttum voru á þriðjudögum kl. 10.30-11.30. Fyrsta æfing var 24. júní. Þjálfari var Unnur Jónsdóttir, íþróttifræðingur. Iðkendur voru hvattir til að mæta á æfingar í Borgarnesi á miðvikudagskvöldum. Þáttakendur voru um 15.

Körfuboltaæfingar

Þann 3. júní byrjuðu körfuboltaæfingar fyrir stelpur og stráka í 6.-10. bekk þriðjudags og fimmtudagskvöld frá klukkan 20:00- 21:30 í íþróttahúsinu á Hvanneyri. Þjálfarar voru Davíð Guðmundsson og Andrés Kristjánsson. 11 þátttakendur.

Sundæfingar

Sundnámskeið fyrir árganga 2008-2009 (5-6 ára) vikuna 23.-27. Júní. Kennari var Sólrún Halla Bjarnadóttir. Góð þátttaka barna í leikskólanum Andabæ.

Æft var sund á fimmtudagskvöldum frá 12. júní í Hreppslaug kl. 20:00-21:00. Æfingarnar voru skipulagðar af Helgu J. Svavarsdóttur og Sólrúnu Höllu Bjarnadóttur. Æfingarnar voru hugsaðar fyrir krakka sem eru vel synd og geta synt í dýpri enda laugarinnar.

Leikjanámskeið

Umf. Íslendingur stóð fyrir leikjanámskeiði fyrir börn í 1.-5. bekk á Hvanneyri í þrjár vikur frá 2. júní. Góð aðsókn var í námskeiðinu, þáttakendur voru 25. Umsjónarmenn voru Sólrún Halla Bjarnadóttir íþróttifræðingur og Bjarnheiður Jónsdóttir kennaranemi. Námskeiðið var með aðstöðu í grunnskólanum og nýtti aðstöðu við Sverrisvöll og í íþróttahúsi.

Félagsmiðstöð

Í lok sundæfinga á fimmtudagskvöldum var opin einskonar félagsmiðstöð fyrir alla aldurshópa þar sem leikið var tónlist milli kl. 21-22. Miðstöðin fékk mjög góðar undirtektir og mun halda áfram að þróast næsta ár.

Æfingar haust

Fótboltaæfingar

Ungmennafélagið og skólinn vann saman að þessu verkefni og markhópurinn var börn í GBF Hvanneyri. Æfingarnar hófust 4. september og voru á fimmtudögum kl. 14:30 - 15:15 á gervigrasvöllinum við skólann. Þjálfari var Björk Lárusdóttir. Æfingar skiptust í 1.-2. bekk og 3-5. bekk. Þáttakendur voru 20. Í samvinnu við knattspyrnudeild Skallagríms var æfing fyrir sama aldurshóp á þriðjudögum, en þá kom Hrannar Leifsson og þjálfaði. Hrannar er íþróttifræðingur og með UEFA-B þjálfaramenntun.

Mót og hlaup

Ármót

Ármót í sundi var haldið í Hreppslaug 15. júlí. Saman komu ungt íþróttafólk frá ungmennafélögunum Íslendingi, Dagrenningu, Reykdælum og Stafholtstungum og reyndu með sér í ýmsum sundgreinum. Um það bil 30 keppendur tóku þátt. Góð stemning var á mótinu og krakkarnir stóðu sig öll vel. Sett voru tvö ármótsmet, Arna Rún Þórðardóttir í Umf. Reykdælum í 50m baksundi stúlkna og Helgi Guðjónsson Umf. Reykdælum í 50 m flugsundi pilta.

Ármót í frjálsum íþróttum var haldið í Borgarnesi þann 24. júlí af umf. Stafholtstungum og Umf. Reykdælum.

Hreppslaugarhlaup

Íþróttanefndin í samstarfi við Elísabetu Axelsdóttur og hlaupahópinn Flandra í Borgarnesi stóð fyrir Hreppslaugarhlaupi 14. ágúst. Segja má að Hreppslaugarhlaupið hafi sannarlega slegið í gegn, þátttakendur koma víða að og voru 122. Þau skiptust þannig að 23 hlupu 3 km, 53 hlupu 7 km og 46 fóru 14,2 km. **Besti tími 3 km:** Karlar 18 ára og yngri: Einar Ágúst Helgason, 13.50 mín. Konur 18 ára og yngri: Birta Björk Birgisdóttir, 13:45 mín. Konur 19-39 ára: Guðlaug B. Þorgrímsdóttir, 19:94 mín. Konur 40 ára og eldri: Ólöf Finnsdóttir, 15:23 mín. **Besti tími 7 km:** Karlar 18 ára og yngri: Brynjar Már Ellertsson, 35:31 mín. Karlar 19-39 ára: Hjalti Rögnvaldsson, 31:26 mín. Karlar 40 ára og eldir: Helgi Sigurðsson, 27:14 mín. Konur 18 ára og yngri: Fanney Valsdóttir 41:55 mín. Konur 19-39 ára: Ásrún Ósk Bragadóttir, 38:26 mín. Konur 40 ára og eldri: Valerie Helene Maier, 35:46 mín. **Besti tími 14,2 km:** Karlar 18 ára og yngri: Guðmundur Kári Þorgrímsson, 01;10:04 klst. Karlar 19-39 ára: Sigurjón Ernir Sturluson, 53:44:00 mín. Karlar 40 ára og eldri: Klemenzen Sæmundsson, 01;01:43 klst. Konur 19-39 ára: Simona Vareikaite, 01;05:58 klst. Konur 40 ára og eldri: Jóhanna Arnórsdóttir, 01;06:12 klst.

Sverrismót

Sverrismótið í knattspyrnu var haldið í fimmta sinn á Hvanneyri 7. september en mótið er haldið til minningar um Sverri Heiðar Júlíusson knattspyrnuþjálfara og Hvanneyring. Fjöldi liða tók þátt en á Sverrismóti er aðalatriðið að skemmta sér og hafa gaman.

Unglingalandsmót

Góður hópur félaga umf. Íslendinga tók þátt í unglingalandsmóti UMFÍ á Sauðarkróki og gekk vel.

Atburðir

Jónsmessa

Jónsmessuhátíð var haldinn á Mannamótsflöt 30. Júní. Þessi hátíðarhöld félagsins eru sennilega það sem er einna mest hefð fyrir að félagið standi fyrir. Farið er í leiki eins og reiptog, hlaupið í skarðið og spretthlaup. Vesturlandsskógar gefa tré handa nýjum félögum. Þau börn sem ná 6 ára aldri á árinu eru gjaldgeng í Ungmennafélagið auk þess sem allir sem náð hafa þeim aldri eru velkomnir í félagið.

17. júní

Umf. Íslendingur hefur staðið fyrir 17. júní hátíðarhöldum á Hvanneyri síðan árið 2006. Lagt er af stað kl. 11:00 frá Sverrisvelli og gengið út í skjólbelti með fána og þar er farið í leiki. Heitt kolagrill er á staðnum og fólk getur sjálft komið með mat á það. Góð mæting og þátttaka var eins og alltaf.

Gamlársbrenna

Eins og áður stóð félagið fyrir áramótabrennu á Tungutúnsborg rétt sunnan við þéttbýlið. Brennan tókst vel til, slökkviliðsbíll var á staðnum til öryggis.

Fjáröflun

Körfuboltamaráðun

Maráðuni fór fram 30. mars og safnaðist um 176.000 kr. Fyrir upphæðina voru keyptar stillanlegir sleðar fyrir körfuboltakörfur í íþróttahöllinni á Hvanneyri, þannig að nú er hægt að lækka körfuna.

Dósasöfnun

Dósasöfnun var fjórum sinnum og safnaðist um kr. 136.000.

Rekstur

Hreppslaug

Hreppslaug var friðlýst í maí 2014, sem er mikilvægur áfangi í varðveitingu hennar.

Tvo vinnudaga þurfti til undirbúnings opnunar. Hreppslaug var opin 9. júní til 10. ágúst 2014. Opnunartími var fimmtudaga og föstudaga kl. 19-23 og laugardaga og sunnudaga kl. 13-22. Kvöldopnun var í tilraunaskyni þann 25. nóvember.

Íþróttahöllin á Hvanneyri

Ungmennafélagið sér um úthlutun æfingátíma og aðgangi að íþróttahöll Landbúnaðarháskólans samkvæmt samningi við Lbhí frá árinu 2005. Tilgangur ungmennafélagsins var að tryggja félögum aðgang að íþróttahöllinni utan hefðbundinna æfingátíma. Lyklaskápur er við dyrnar og áhugasamir fá úthlutað talnakóða til að komast inn. Þetta fyrirkomulag gengur ágætlega.

Stjórn félagsins skipar Ulla R. Pedersen, formaður
Aðalheiður Kristjánsdóttir, ritari
Jón Friðrik Snorrason, gjaldkeri

Ungmennafélag Reykdæla

Kt 660269-6309
Logaland
320 Reykholt



Þorrablót

Þorrablót Ungmennafélags Reykdæla var haldið þann 31. Janúar í Logalandi, mæting var með ágætum en hefði þó mátt vera betri. Skemmtiatriði voru öll úr smiðju heimamanna ásamt skreytingum og fréttum fyrri ára frá sama degi og blótað var. Veislustjóri kvöldsins var Gísli Einarsson og hljómsveitin Miðaldamenn lék fyrir dansi.

Leikrit og leiklistarnámskeið

Í Janúar var einnig byrjað að æfa leikrit af miklu kappi. Leikritið var samið af félaga okkar Bjartmari Þór Hannessyni frá Norður-Reykjum. 29 manns tóku þátt í sýningunni og frumsýndu tveggja tíma verk, Ert'ekk'að djóka (elskan mín) þann 14 febrúar. Sýningarnar voru alls 11 og um 550 manns komu á sýningar félagsins.

Íþróttastarf

Íþróttastarfið var mjög blómlegt árið 2013 en UMF Reykdæla stendur fyrir æfingum fyrir börn 6-16 ára. Fyrri hluta vetrar voru æfingar í körfubolta hjá öllum árgöngum, sundæfingar og akido. Sumarið fór af stað af fullum krafti en boðið var upp á leikjanámskeið fyrstu þrjár vikurnar í júní ásamt körfuboltanámskeiði og sundnámskeið fyrir börn 4-6 ára sem haldið var í júní. Auk þess voru í boði sund- og fótboltaæfingar. Um haustið fóru af stað æfingar í körfu, frjálsum og sundi ásamt íþróttaskóla sem starfræktur var í samstarfi við Grunnskóla Borgarfjarðar að því leiti að hann var í boði á skólatíma og því fengu nemendur far heim með skólabílum að æfingu lokinni. Íþróttaskólinn kom inn í staðinn fyrir frístund þegar nemendur höfðu lokið hefðbundnum skóladegi en vegna mikilla fjarlægða er einungis ein heimkeyrsla á dag við Kleppjárnsreykjadeild GBF. Ungmennafélag Reykdæla hélt Ármót í frjálsum íþróttum þetta árið og gekk mótið hratt og vel fyrir sig.



17. júní

Að venju var 17. júní haldinn hátíðlegur. Riðið var til messu þar sem Sr. Geir Waage var með hugvekju en að henni lokinni var haldið í Logaland þar sem boðið var upp á hangikjöt ásamt meðlæti. Í Logalandi fór fram hátíðardagskrá með ræðu fjallkonunnar, samsöng og verðlaunaafhendingu til þeirra íþróttamanna sem hafa mætt vel á æfingar í vetur, sýnt miklar framfarir og að lokum var íþróttamaður Reykdæla krýndur sem að þessu sinni var Helgi Guðjónsson. Þá var haldið utandyra þar sem jafnt fullorðnir sem börn tóku þátt í hinum ýmsu leikjum, bæði hefðbundnum og óhefðbundnum og að sjálfsögðu mætti karamelluflugvélin á svæðið og dreifði hlassi af karamellum til gesta.

Yngri deildin

Yngri deild Ungmennafélags Reykdæla heldur úti ýmsum viðburðum fyrir börn og unglinga 16 ára og yngri. Má þar meðal annars nefna spilakvöld og diskótek. Einnig héldu þau grímuball á öskudaginn fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri. Mæting var góð, farið var í hina ýmsu leiki, kötturinn sleginn út tunnunni og verðlaun veitt fyrir frumlega og flotta búninga.

Gleðifundur

Gleðifundur félagsins sem einnig er árshátíð Reykdæla var haldin 8. Nóvember Mæting var nokkuð góð, skemmtiatriðin heimgæð og Gísli Einars aftur mættur í veislustjórnina. Hljómsveitin Kopar lék fyrir dansi. Veislugestir skemmtu sér afar vel og erfiðlega gekk að fá hljómsveitina til að hætta að spila.

Skógræktin

Áfram var haldið að grisja skóginn okkar og mættu sveitungar okkar og félagar á kosningadag til að draga trjáboli og greinar niður úr skógarreitnum. Mikið af efninu var kurlað en góðir bolir voru teknir frá og verða notaðir til að byggja trjáhús og leiktæki. Nokkrir dagar hafa síðan verið teknir til að dreifa kurli í stíga með aðstoð nemenda og kennara í GBF en vonir standa til að nemendur geti nýtt skóginn í útikennslu meira en nú þegar hefur verið gert.



Skötunefnd

Hin árlega skötuveisla var haldin 19. desember. Boðið var upp á kæsta skötu, saltfisk, hamsatólg, hnoðmör, kartöflur og heimabakað rúgbrauð. Vel var tekið til matar og nutu gestir matar, tónlistar og félagsskaparins.

Áramótabrenna

Var á Tíðarmelnum við Reykholt. Ekki var gengið undir harmonikkuspili frá Reykholtskirkju líkt og tíðkast vegna veðurs en á Tíðarmel kveikt var upp í brennunni í slyddu og kulda Þátttakendur létu það þó ekki á sig fá og sungu áramótasöngva og horfðu á brennuna. Að vanda gladdi Björgunarsveitin Ok okkur með flugeldasýningu á brennunni.

Ungmennafélagið Skallagrímur

Badmintondeild Skallagríms

Stjórn

Formaður: Sigríður Bjarnadóttir

Ritari: Sigríður Dóra Sigurgeirsdóttir

Gjaldkeri: Ebba Pálsdóttir

Þjálfari deildarinnar er Helgi Magnússon.

Starf deildarinnar hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár þó hefur dregið úr iðkendafjölda sem náði algjöru hámarki á síðasta tímabili en var þó góður fjöldi fram á vor en skilaði sér ekki í haust.

Æfingar hjá börnum og unglingum hafa verið á mánudögum og föstudögum en föstudagar hafa ekki reynst okkur vel þar sem mæting hefur verið dræmari þá daga.

Rekstur deildarinnar hefur verið í jafnvægi en setur auðvitað strik í reikninginn þegar fjöldi iðkenda dregst saman. Æfingagjöld dekla ekki nema u.þ.b. 2 mánuð í þjálfarakostnað svo það þarf að halda vel á spöðunum í að ná endum saman. Helstu fjáraflanir þetta árið eru hreinsanir ýmiskonar, sala á varningi o.fl. Hin árlega firmakeppni féll niður á árinu en mun þó verða haldin á næsta ári.



Ingibjörg Rósa Jónsdóttir

Ákveðinn kjarni hefur sótt fjölmörg mót á árinu og hefur árangur þeirra verið með ágætum og voru þær Harpa Hilmisdóttir og Ingibjörg Rósa Jónsdóttir valdar í landsliðshóp Badmintonsambands Ísland. Ingibjörg Rósa varð íslandsmeistari í tvenndarleik U13 ásamt Brynjari Má Ellertsyni ÍA og hún varð í 3.-4. sæti í einliðaleik.

Badmintonkona Skallagríms var valin Harpa Hilmisdóttir. Harpa hefur verið í toppbaráttunni í sínum flokkum í mörg ár og er ein efnilegasta badmintonkona landsins. Hún varð Íslandsmeistari í einliðaleik í A-flokki á Meistaramóti Íslands og tvöfaldur Íslandsmeistari í U17 á Íslandsmóti Unglinga þar sem hún sigraði bæði einliðaleik og í tvíliðaleik.

Harpa var valin í U17 ára landsliðið sem keppti í Evrópukeppni í Ankara í Tyrklandi í mars og var valin fyrir Íslands hönd til að taka þátt í Evrópusumarskólanum sem fram fór í Danmörku í sumar.

Harpa flutti sig um set á árinu og æfir og keppir með TBR um þessar mundir.



Harpa Hilmsdóttir

Knattspyrnudeild Skallagríms

Stjórn knattspyrnudeildar var þannig skipuð árið 2014

Formaður var Ívar Örn Reynisson, Hilmar Már Arason gegndi stöðu gjaldkera út sumarið en þá tók Finnbjörn Ólafsson við. Hrafnhildur Tryggvadóttir var ritari. Meðstjórnendur voru þeir Arnar Víðir Jónsson, Jón Arnar Sigurþórsson, Hjalti Rósinkrans Benediktsson og Haukur Þórðarson.

Markmið með starfsemi knattspyrnudeildar

Stjórn knattspyrnudeildar vinnur að því að bjóða öllum iðkendum upp á vikulegar fótboltaæfingar undir handleiðslu menntaðs þjálfara. Markmiðið er að allir finni eitthvað við sitt hæfi hjá deildinni sama hvert getustigið er. Yfirlýst markmið er jafnframt að skila leikmönnum upp í meistaraflokk félagsins og hafa Borgnesinga í meirihluta í meistaraflokk félagsins. Ef þetta á að vera raunin þarf að byggja upp markvisst starf sem deildin og bæjarbúar geta verið stoltir af.

Rekstur íþróttafélaga er ávallt erfiður og er mikið af starfinu unnið í sjálfböðavinnu. Starfsemi deildarinnar er ekki möguleg án stuðnings frá fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum. Knattspyrnudeildin er rík af fólki sem tilbúið er að gefa sína vinnu til að bæta starfið og vonum við að það verði þannig áfram því rekstur deildarinnar byggist að miklu leyti á því fólki sem tilbúið er að gefa sína vinnu til deildarinnar.

Yngri flokkar

Knattspyrnudeildin heldur úti æfingum fyrir yngri flokka og geta börn frá leikskólaaldri og upp úr mætt á æfingar hjá menntuðum þjálfurum í hverri viku. Starfsemin hefur oft verið erfið á veturna og var það svo í byrjun árs. Iðkendum hafði fækkað töluvert og þegar verst lét, voru einungis rúmlega 60 krakkar að stunda knattspyrnu hjá Skallagrími. Iðkendum fjölgaði þó þegar komið var fram á sumar en rúmlega 80 krakkar stunduðu knattspyrnu í Borgarnesi síðasta sumar.

Yngir flokkarnir voru duglegir að taka þátt í fjölíðamótum yfir sumartímann og tóku meðal annars þátt í smábæjarleikunum á Blönduósi, Þæjumótinu í Eyjum, Arion banka móti Víkings, Síamótinu, og Intersportmótinu á Tungubökkum svo eitthvað sé nefnt. 4. og 5. flokkur drengja tók þá einnig þátt í Íslandsmótinu yfir sumarið. Engir kvennaflokkar tóku þátt í Íslandsmótum á vegum Skallagríms og er það hlutur sem þarf að bæta.

Á vormánuðum var tekin ákvörðun um að ráða verkefnastjóra í fullt starf til þess að bæta rekstur deildarinnar. Aðalmarkmiðið með ráðningunni var að fjölga iðkendum hjá knattspyrnudeildinni, samræma starfið og efla tengsl milli foreldra, þjálfara og stjórnar. Starf deildarinnar var kynnt í grunnskólanum í Borgarnesi og strax í september varð fjölgun iðkenda á æfingum og hélt sú fjölgun áfram út árið. Í desember voru iðkendur í yngri flokkum knattspyrnudeildar orðnir 115. Drengjaflokkarnir og þá einkum 4. 5. og 7. flokkur voru mjög fjölmennir en þeir telja allir yfir 20 iðkendur sem verður að teljast mjög gott. Stúlkum hefur fjölgað um rúmlega helming í iðkendahópi deildarinnar og í lok árs voru rúmlega 40 stúlkur að æfa knattspyrnu. Betur má þó ef duga skal og þarf að setja aukinn kraft í kvennaflokkana á næstu misserum.



Ungar stúlkur á Síamótinu 2014

Knattspyrnudeild Skallagríms hélt einnig úti æfingum tvisvar í mánuði fyrir leikskólabörn í íþróttahúsinu á haustdögum. Þá komu leikskólabörn úr elstu deildum á leikskólunum Klettaborg og Ugluklett og stunduðu fótbolta undir handleiðslu menntaðra þjálfara, foreldrum að kostnaðarlausu. Deildin leit á þetta sem eins konar kynningu á starfinu fyrir leikskólakrakka og var mikil ánægja með þetta framtak bæði hjá knattspyrnudeildinni og leikskólunum.

Knattspyrnudeild Skallagríms hóf samstarf við ungmennafélagið Íslending á Hvanneyri á haustdögum þar sem knattspyrnudeildin lagði til fótboltaþjálfara einu sinni í viku sem sá um fótboltaæfingar á Hvanneyri fyrir yngstu iðkendurnar. Þær æfingar hafa verið vel sóttar og er markmiðið að halda þeim áfram og vonandi að sameina þessa iðkendur undir merkjum Skallagríms í mótum næsta sumar.

Þegar allt er talið til þá voru iðkendur hjá knattspyrnudeildinni í desember því í kringum 150 talsins og ljóst að starf deildarinnar er aftur að komast á þann stað sem stjórn deildarinnar vill hafa það. Markmiðið er að senda lið til leiks í Íslandsmóti næsta sumar í 4., 5. og 6. flokki karla og kvenna, auk þess munu 6. og 7. flokkarnir taka þátt í nokkrum fjölíðamótum yfir sumarið.

Meistaraflokkur

Knattspyrnudeildin sendi lið til leiks í meistaraflokki karla annað árið í röð árið 2014. Farið var í samstarf við Kára á Akranesi í lengjubikarnum um veturinn en þjálfari Skallagríms var Einar Eyjólfsson. Síðasta sumar stillti Skallagrímur upp liði á Íslandsmótinu og spilaði í 4. deildinni. Ungu liði Skallagríms gekk nokkuð vel framan af móti og áttu ágætis möguleika á að komast í úrslitakeppni um haustið sem gekk þó ekki eftir.

Einar gaf ekki kost á sér í starf meistaraflokksþjálfara eftir tímabilið en deildin þakkar honum fyrir vel unnin störf undanfarin ár. Í hans stað var ráðinn Sigurður Þórir Þorsteinsson sem er margreyndur í knattspyrnunni hér á Íslandi og hefur meðal annars þjálfað Aftureldingu í meistaraflokki. Þjálfari og leikmenn eru samstíga í átt að því markmiði að komast upp um deild næsta sumar og vonin er sú að Skallagrímur leiki í 3. deild sumarið 2016.

Fyrirmyndarfélag

Knattspyrnudeild Skallagríms hefur borið nafnbótina fyrirmyndarfélag ÍSí síðan 2010. Nú á haustmánuðum hófst vinna við að endurnýja þá viðurkenningu sem gildir til fjögurra ára í senn. Í byrjun árs 2015 fékk deildin viðurkenninguna afhenta að nýju við hátíðlega athöfn þegar íþróttamaður ársins var krýndur hér í Borgarbyggð.



Ívar Örn Reynisson, formaður knattspyrnudeildar tekur hér við viðurkenningu fyrirmyndarfélags frá Viðari Sigurjónssyni fulltrúa ÍSÍ

Viðurkenning þessi er til marks um það góða starf sem unnið er hér í Borgarnesi. Þessi viðurkenning gengur út á það að innviðir deildarinnar eru skýrir og meðal þeirra þátta sem þarf að uppfylla eru skilyrði um skipulag deildar, umgjörð þjálfunar og keppni, þjálfaramenntun, félagsstarf og jafnréttismál svo eitthvað sé nefnt.

Ekki væri mögulegt að uppfylla þessi skilyrði nema fyrir þrotlaust og óeigingjarnt starf sjálfbóðaliða sem leggja sitt af mörkum til þess að deildin sé eitthvað sem við getum verið stolt af.

Aðstaða

Aðstaða til knattspyrnuíðkunar á sumrin gerist vart betri en hér í Borgarnesi.

Knattspyrnudeildin er með mjög flottan keppnisvöll sem er einnig nýttur til æfinga cirka 4 mánuði á ári. Þar að auki hefur deildin æfingavöll sem nýtist vel til æfinga og keppni hjá yngri flokkum félagsins. Ástand vallarins og æfingasvæðisins var orðið mjög slæmt í lok sumars 2012 og í kjölfar úttektar sem var gerð var ráðist í markvissar aðgerðir til að koma í veg fyrir að svæðin skemmdust meira og /eða eyðilegðust. Síðast liðin tvö sumur hefur því verið lagt meiri áhersla á viðhald og endurbætur og horfir það til betri vegar. Því ber að fagna, og það hefði verið afar dapurlegt ef eitt mest notaða mannvirki sveitarfélagsins hefði verið látið grotna niður enn frekar og eyðileggjast.

Aðstaða deildarinnar á veturna er hins vegar áhyggjuefni. Sparkvöllurinn er úr sér genginn og viðhaldi ábótavant og erfitt er að halda úti æfingum fyrir stóra hópa á vellinum. Tímar í íþróttahúsinu eru af skörum skammti þar sem margar deildir vilja komast að. Knattspyrna er fyrir löngu orðin heilsársíþrótt, líkt og framboð æfinga og móta allt árið, um allt land gefur glögggt til kynna og knattspyrnudeild Skallagríms vill og þarf ásættanlega aðstöðu til að geta

boðið upp á æfingar fyrir alla aldursflokka allt árið. Það er því ljóst að þörf er á bættri aðstöðu fyrir íþróttaiðkun hér í Borgarnesi.



Aðstaða til knattspyrnuíðkunar á sumrin er til fyrirmyndar í Borgarnesi

Framtíðin

Knattspyrnudeild Skallagríms mun áfram leggja metnað sinn í faglegt og öflugt starf í góðri sátt við umhverfi sitt og samfélag.

Faglegar áherslur í starfi næsta tímabils

- Áfram verður unnið að því að fjölga iðkendum deildarinnar
- Námskrá knattspyrnudeildar verður fullgerð og kynnt á heimasíðu félagsins
- Aukin áhersla verður lögð á það að ráða menntaða þjálfara til starfa hjá deildinni sem og að hvetja þá þjálfara sem starfa hjá deildinni til að sækja sér menntun
- Að tryggja að allir flokkar taki þátt í mótum sumar og vetur.
- Að halda úti knattspyrnuskóla næsta sumar fyrir yngstu iðkendurnar
- Að framganga allra flokka bæði í mótum og á æfingum, innan vallar sem utan verði félaginu til sóma.

Áfram verður áhersla lögð á ábyrga fjármálastjórnun líkt og gert hefur verið undanfarin ár

Líkt og fram hefur komið er rekstur íþróttafélags eða deildar ekki einfaldur. Deildin er með þjálfara við störf allt árið, og stjórn deildarinnar hefur ætíð lagt mikla áherslu á að halda

æfingagjöldum í lágmarki. Þar sem æfingagjöld standa aðeins undir u.þ.b. 40% af kostnaði við rekstur yngri flokkanna þarf stjórnin að afla fjár með öðrum hætti. Fyrirtæki og stofnanir á starfssvæði deildarinnar hafa sýnt deildinni mikinn velvilja undanfarin ár og án þessa stuðnings væri starfið ekki jafn öflugt og raun ber vitni. Þá hefur stjórn og starfsfólk deildarinnar lagt á sig ómælda vinnu við fjáröflun. Stærstu tekjuliðir deildarinnar fyrir utan styrki voru á árinu Skallinn - kynningarblað sem gefið er út að vori og dansleikir sem deildin hefur haldið tvisvar á ári. Þá er ótalin dósakistan á planinu við N1 og aðrar fjáraflanir sem einstakir flokkar halda utan um til að fjármagna kostnað við ferðir á mót og þess háttar.

Körfuknattleiksdeild Skallagríms

Stjórn körfuknattleiksdeildar var þannig skipuð að loknum aðalfundi vorið 2014:

Formaður var Kristinn Sigmundsson, gjaldkeri Eðvar Ólafur Traustason, ritari Ingi Tryggvason. Meðstjórnendur Björn Bjarki Þorsteinsson og Einar Árni Pálsson.

Yngri flokkar: Finnur Jónsson verkefnastjóri yngriflokka starfsins hafði yfirumsjón með yngri flokka starfi í samstarfi við stjórn og þjálfara fram til vorsins en hann hætti störfum sem verkefnastjóri í maí. Haraldur Már Stefánsson ráðinn frá áramótum í starfið.

Inngangur

Stjórn Körfuknattleiksdeildarinnar hefur einsett sér að halda rekstri deildarinnar í jafnvægi en jafnframt efla starfsemina og fjölga iðkendum. Stjórn Körfuknattleiksdeildar Skallagríms er mjög einhuga í sínum störfum og metnaður fyrir því að halda áfram að byggja markvisst upp yngri flokkana undir öruggri handleiðslu hæfra þjálfara ásamt því að eiga m.fl. í fremstu röð á landsvísu. Gæta þarf fyllsta aðhalds í öllum rekstri deildarinnar. Ekki hefur kvennalið í meistaraflokki verið sent til keppni síðust tvö tímabil. Markmiðið er þó áfram að hlúa að kvennastarfinu og hlúa að yngri flokkum stelpna.

Þó unnið sé þrotlaust starf af hálfu stjórnar og áhugasamra aðila til að láta enda ná saman, verður körfuknattleiksdeildin eftir sem áður að treysta á velvilja og fjárframlög frá fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum. Ekki má þó mikið út af bera í rekstri deildarinnar og mikilvægt að njóta áfram stuðnings sveitarfélagsins og fyrirtækja. Án þess stuðnings er rekstur íþróttafélaga ekki mögulegur.

Innan Körfuknattleiksdeildarinnar starfar fjöldi manns bæði við leik og störf. Og flest allt unnið í sjálfböðavinnu.

Yngri flokkar



Eins og oft hefur komið fram þá hefur körfuknattleiksíþróttin borið orðspor sveitarfélagsins víða. Góður árangur Skallagríms hefur vakið athygli og sveitarfélagið fengið mikla umfjöllun í fjölmiðlum vegna þess.

Í vetur hefur Skallagrímur verið með flokka í yngri deildum á Íslandsmóti og unga fólkið staðið sig gríðarlega vel.

Nokkuð hefur verið um sameiginleg lið með öðrum félögum í kringum okkur, en við höfum verið með sameiginleg lið með Reykdælum Snæfelli og ÍA og hefur það samstarf gengið nokkuð vel. Mikið er um keppnisferðir og mótahald hjá svona stórum hópi iðkenda og hafa verið mót nánast allar helgar frá upphafið keppnistímabilsins hjá einhverjum aldurshópi og gaman að sjá hversu margir eru tilbúnir að leggja fram starfskrafta sína svo allt gangi upp bæði við ferðalög og skipulagningu móta hér heima.

Stjórn deildarinnar hefur eins og áður segir lagt mikið kapp á uppbyggingarstarf og eflingu yngri flokka og mun áfram leggja mikla áherslu á að auka fagmennsku í yngriflokkastarfinu auk þess að halda áfram að fjölga iðkendum eins og kostur er. Í haust varð sú nýbreytni á æfingum hjá 1-4 bekk að hafa tvo þjálfara og tvo aðstoðarmenn. Með þessu móti var auðveldara að halda utan um hópinn og einnig hægt að vakta búningssklefa fyrir og eftir æfingu.



Þess má geta að þáttökugjöld í Íslandsmótum eru greidd af körfuknattleiksdeildinni.

Jafnréttismál

Mikil áhersla hefur jafnan verið lögð á jafnréttismál í körfuknattleiksdeild og liðum karla og kvenna gert jafn hátt undir höfði þegar bæði lið hafa verið skráð í Íslandsmót. Gætt hefur verið jafnræðis varðandi auglýsingar fyrir leiki meistaraflokka, aðgangssölu á leiki og umfjöllun á heimasíðu Skallagríms. Eins og fyrr sagði er það engu að síður áhyggjuefni hve illa gengur að fá stúlkur til að iðka íþróttina.

Fjármál/Fjárafilanir

Körfuknattleiksdeildin hefur haft mestar tekjur sínar af auglýsingasamningum við fyrirtæki og sölu aðgangsmiða og ársmiða á leiki mfl. karla. Auk þess hefur verið fitjað uppá ýmsum nýjungum í starfi deildarinnar til fjáröflunar og fjölbreytni. Má þar nefna Borgarnesblót sem er í umsjón sérstakrar þorablótsnefndar en nefndin skipleggur og undirbýr þorablótið með stjórn en leikmenn meistaraflokkanna starfa á blótinu sjálfu. Þorablót var fyrst haldið í febrúar 2009 og hefur verið árlega síðan og verður vonandi áfram. Var það mikil upplýfting fyrir skemmtanalíf Borgnesinga og tekjuöflun fyrir deildina.

Sumarið 2009 hóf deildin söfnun á notuðum munum sem síðan voru seldir á nytjamarkaði sem haldinn var í Skallagrímssgarði samhliða Brákarhátíð. Nytjamarkaðurinn var svo fluttur í gamla sláturhúsið í Brákarey og hefur verið þar síðan og verið opið flesta laugardaga síðan í júní 2009. Það eru ötulir bakhjarlar körfunnunnar ásamt stuðningsmönnum og foreldrum sem sjá um alla vinnu kringum markaðinn. Hefur nytjamarkaðurinn mælst vel fyrir og er orðinn þekktur meðal heimamanna og ekki síður ferðafólks. Má því segja að deildin hafi aukið við afþreyingu fyrir ferðamenn á svæðinu auk þess

sem sala af markaðnum rennur öll til reksturs deildarinnar. Ótrúlega vel hefur gengið að fá muni gefna á markaðinn og kann fólk vel að meta þá nýtni sem kemur fram með rekstri slíks markaðar. Einnig gerði deildinn samning við útgerðarfyrirtækið Brim um sölu á frosnum fisk, og hefur það mælst vel fyrir bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum.

Meðal helstu fjáraflana/verkefna sem körfuknattleiksdeild hefur staðið fyrir:

Þorablót – frá febrúar 2009 og árlega síðan.

Nytjamarkaður – Opinn flesta laugardaga frá júní lokum 2009. Stjórn og foreldrar í afgreiðslu.

Heimilisvörur – fisksala, gengið í hús og selt ýmsan varning og síðar í fyrirtæki og á nytjamarkaði. Bingó ásamt ýmsu öðru sem sem boðið er uppá.

Faglegt starf Körfuknattleiksdeildar Skallagríms

Yngri flokkar.

Yngri flokka starf deildarinnar var öflugt eins og mörg undanfarin ár, þó er mismunandi hversu margir einstaklingar skila sér til æfinga úr einstaka árgöngum en aukning hefur orðið milli ára og eru nú um 150 iðkendur á öllum aldri og báðum kynjum að æfa körfubolta hjá deildinni. Stefnt er að því að fjölga iðkendum áfram á næsta tímabili en þó ber að nefna að takmarkaður tími í íþróttasal er töluverð hindrun í yngriflokkastarfi deildarinnar.

Faglegar áherslur næsta tímabils:

Höldum áfram með starf verkefnastjóra yfirþjálfara yngri flokka. Heldur hann utanum aukaæfingar í sumar fyrir þá sem vilja og undirbúning næsta tímabils.

Göngum í fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Lögð verður áhersla á þjálfaramenntun og þjálfarar studdir til þess að sækja þjálfaranámskeið.

Markmið deildarinnar er að skrá sem flesta yngri flokka í mót næsta haust.

Gjaldskrá verður stillt í hóf. Veittur er systkinaafsláttur, 50% fyrir annað systkini þriðja gjaldfrítt.

Að körfuknattleiksdeild Skallagríms verði til fyrirmyndar hvað varðar faglegt starf, rekstur og þjálfaramál yngri flokka.

Að öll framganga yngri flokka körfuknattleiksdeildar Skallagríms verði til fyrirmyndar innan vallar sem utan.

Meistaraflokkar.

Meistaraflokkur karla leikur í úrvalsdeild og er nú í harðri baráttu um að halda sæti sínu í úrvalsdeild. Mfl. karla er eins og árið áður með ungt lið ásamt nokkrum reynsluboltum,

Eftir að Pálmi Þ Sævarsson hætti með liðið vorið 2014 var Pétur Ingvarsson ráðin til að taka við liðinu. Eftir brösótt gengi á hausti var ákveðið að losa Pétur undan samningi og Finnur Jónsson ráðinn í staðinn sem þjálfari og Hafþór Ingi Gunnarsson honum til aðstoðar.



Faglegar áherslur næsta tímabils:

Að utanumhald æfinga og leikja verði gert fagmannlega og með sóma.

Að halda vel utanum leikmenn meistaraflokkana innan vallar sem utan.

Að mfl. karla og kvenna verði samkeppnishæf í sínum deildum.

Að efla áhuga almennings á íþróttinni.

Að leikmenn meistaraflokka Körfuknattleiksdeildar Skallagríms verði til fyrirmyndar innan vallar sem utan.

Að lokum vill undirritaður þakka öllu því góða fólki sem að starfi körfuknattleiksdeildar Skallagríms hefur komið. Á þá jafnt við um stjórnarfólk, starfsmenn í kringum leiki mót og alla þá sem að fjáröflunum og öðru starfi hafa komið.

f.h. stjórnar körfuknattleiksdeildar Skallagríms
Kristinn Ó Sigmundsson formaður

Leikdeild Skallagríms

Leikdeild Umf Skallagríms sýndi árið 2014 leikritið Stöngin inn eftir Guðmund Ólafsson, nýjan söng- og gamanleik með lögum úr smíðju Abba sem frumsýndur var í fyrsta sinn í mars 2013 hjá sameinuðu leikfélagi Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Frumsýning var föstudaginn 14. mars í Lyngbrekku.

Leikstjóri var Rúnar Guðbrandsson.

Fyrsti samlestur var laugardaginn 30. nóvember 2013 undir stjórn Rúnars.

Söngæfingar voru tvisvar í viku í janúar 2014 í Tónlistarskóla Borgarfjarðar undir stjórn Theodóru Þorsteinsdóttur söngkennara.

Sviðsæfingar hófust í Lyngbrekku í byrjun febrúar 2014 og stóðu til frumsýningar. Auk þess að njóta aðstoðar Rúnars og Theodóru naut leikhópurinn leiðsagnar Birnu Hafstein við danshreyfingar á sviði.

Sýningar urðu 14 talsins, lokasýning var sunnudaginn 6. apríl og komu í heildina 1.065 áhorfendur.

Stöngin inn reyndist afar skemmtilegt og gefandi verkefni. Leikarar á sviði voru sextán talsins og þar af voru átta nýliðar í Leikdeildinni. Tveir úr hópnum komu til starfa á ný eftir áratuga fjarveru og sex hafa starfað með Leikdeildinni í einhverjum verkefnum á undanförunum árum. Þriggja manna hljómsveit lék með á sýningum. Utan sviðs vann einnig stór hópur að uppfærslunni en samtals komu 43 að þessu verkefni með einum eða öðrum hætti.

Á Brákarhátíð 28. júní hélt Leikdeildin tónleika í Grímshúsi í Borgarnesi með söngleikjatonlist. Flutt voru lög úr verkefni vetrarins Stöngin inn ásamt nokkrum lögum úr Vesalingunum sem æfð voru fyrir þetta tækifæri.

Þann 8. október söng Leikdeildin hluta úr þessari dagskrá á skemmtikvöldi Lionsklúbbs Borgarness fyrir eldri borgara á Hótel Borgarnesi og bætti við lögum úr Skugga-Sveini og Gullna hliðinu sem voru sett upp fyrir nokkrum árum.

Ákveðið var að setja upp söng- og gamanleikinn Barið í brestina eftir Guðmund Ólafsson á næsta starfsári. Gunnar Björn Guðmundsson var ráðinn leikstjóri. Fyrsti samlestur var 19. nóvember. Mæting var mjög góð en alls mættu 32 á fyrsta samlestur.

Æfingar standa yfir og stefnt er að frumsýningu föstudaginn 6. mars nk í Lyngbrekku. Að þessu sinni eru alls 20 leikarar á sviði auk annarra sem koma að sýningunni.

Stjórn Leikdeildar Umf. Skallagríms skipa:

Olgeir Helgi Ragnarsson formaður

Elísabet Hildur Haraldsdóttir ritari

Gunnlaug S. Gunnlaugsdóttir gjaldkeri

Jónas Þorkelsson meðstjórnandi

Eygló Egilsdóttir meðstjórnandi

Sunddeild Skallagríms

Stjórn Sunddeildar Skallagríms var skipuð Helgu J. Svavarsdóttur formanni, Stefaniu Nindel gjaldkera, Írisi Björgu Sigmarsdóttur ritara, Heiði Hörn Hjartardóttur og Gestu A. Grjetarssyni meðstjórnendum og Önnu Baldrúnu Garðarsdóttur varamanni.

Þjálfarar vorannar voru: Ísfold Rán Grétarsdóttir sem þjálfaði Höfrunga og Seli og Þórkatla Dagný Þórarinsdóttir sem þjálfaði Kópa. Aðstoðarþjálfari í yngri hópum var Dagbjört Birgisdóttir. Á haustmánuðum tók Guðrún Erna Guðmundsdóttir við af Þórkötlunni og þjálfaði Kópa auk þessa að vera með sundnámskeið fyrir 4-5 ára börn. Aðstoðarþjálfarar í yngri hópum voru Sjöfn Hilmarsdóttir og Styrmir Stefánsson.

Það var að venju nóg um að vera hjá Sunddeildinni, sundæfingar gengu vel og var mikil gleði að komast aftur í innisundlauginna á vormánuðum. Sundmenn frá sunddeild Skallagríms kepptu á Gullmóti KR í Laugardalslaug 7. -8. febrúar, Unglingalandsmóti á Sauðárkróki í ágúst og Lionsmótsi Skallagríms 8. nóvember. Auk þess var innanfélagsmót fyrir alla sundmenn stóra sem smáa á vorhátíðinni 28. maí.



Ýmsar upptökur hafa verið á árinu, páskaund far haldið fyrir páskana hjá öllum hópum og fengu iðkendur páskaegg að þátttöku lokinni. Vorhátíðin var síðasti viðburður vetrarins en þá fengu allir sundmenn að spreyta sig í að keppa og síðan var haldið út í Skallagrímssgarð og grillað. Haustið byrjaði með þátttöku í hreyfiviku UMFÍ en þá vorum við með opnar diskóæfingar sem vöktu mikla lukku krakkanna. Þrátt fyrir að við breytingar á innilaug hafi áhorfendapallarnir verið teknir var ákveðið að prófa að halda Lionsmót Sunddeildar Skallagríms en vegna þess hve lítið plássið er orðið var mótið aðeins fyrir 10 ára og yngri í stað 12 ára og yngri eins og var. Keppendur voru þó engu færri og mættu rúmlega hundrað sundmenn frá 5 félögum.



Áhorfendur stóðu þétt saman á bakkanum, góð stemmning og margir sundmenn að taka sín fyrstu sundtök í keppni. Það var sérstaklega gaman að sjá hvað eldri sundmennirnir okkar voru viljugir og duglegir að vinna á mótinu og hjálpa til. Að loknu móti var farið í Hjálmaklett þar sem þátttakendur fengu verðlaunapening frá Lionsklúbbi í Borgarness og horfðu á bíósýningu.

Að venju vorum við í samstarfi við önnur félög og fórum í æfingabúðir til Grindavíkur 14. - 16. mars með sundmenn 10 ára og eldri. Æfingabúðirnar eru liður í samstarfi við UMFG í Grindavík og UMFB á Bolungarvík. Góð þátttaka var í æfingabúðunum og skemmtileg stemmning. Við buðum síðan Bolvíkingum, Grindvíkingum og Reykdælum í æfingabúðir sem við héldum á Kleppjárnsreykjum 3.-5. október. Æfingabúðirnar voru vel heppnaðar og skemmtu sér allir vel og foreldrar hjálpuðust að við að gera helgina eftirminnilega fyrir krakkana. HöfRUNGAR fóru einnig á eina æfingu með ÍA þegar þeir héldu æfingabúðir hér í Borgarnesi og er stefnt að því að heimsækja þá reglulega á þessu ári.



Æfingabúðir á Kleppjárnsreykjum.

Fjáröflun hjá Sunddeildinni samanstóð af lakkríssölu í Skallagrímssgarði á Sauðamessu og árlegri friðarkertasölu fyrir jólin en sú fjáröflun er til styrktar Hjálparstofnun kirkjunnar og fær deildin hluta sölutekna.

Stjórn Sunddeildar Skallagríms þakkar öllum fyrir gott samstarf á árinu 2014, sérstaklega sundfólkinu okkar, þjálfurum og foreldrum.

F.h. stjórnar Sunddeildar Skallagríms
Helga J. Svavarsdóttir formaður

Ungmennafélag Stafholtstungna



Aðalfundur: Aðalfundur félagsins var haldinn 25. febrúar og er núverandi stjórnarskipan þannig að Agnes Guðmundsdóttir Síðumúlaveggjum er formaður, Sæunn E. Sverrisdóttir Hlöðutúni gjaldkeri og Jón Ásgeir Sigurvinsson Stafholti ritari. Stjórnarfundir voru 4 talsins síðasta ár, auk símtala og tölvusamskipta.

Nýársbrenna: Hin árlega nýársbrenna félagsins sem halda átti þann 2. janúar við félagsheimilið Þinghamar var aflýst á síðustu stundu vegna veðurs. Þrátt fyrir það hélt Björgunarsveitin Heiðar flugeldasýningu fyrir félagið og Kvenfélag Stafholtstungna stóð fyrir félagsvist í samvinnu við félagið seinna um kvöldið.

Íþróttæfingar: Frjálsíþróttæfingar voru á fyrstu mánuðum ársins fyrir bæði yngri og eldri einstaklinga og voru þær í umsjón Þorbjargar Sögu Ásgeirsdóttur og Axels Sigurðssonar. Körfuboltaúðir voru eina helgi í apríl undir handleiðslu Jóns Hrafns Baldvinssonar. Yfir sumartímamann voru frjálsíþróttæfingar 1x í viku þar sem Unnur Jónsdóttir þjálfaði en þær voru vel sóttar og enduðu með gríni, glensi og þátttöku foreldra. Einnig var boðið upp á leikjanámskeið á Bifröst eina viku í júní í umsjón Jóns Hrafns Baldvinssonar þar sem Þórunn Jóna Kristinsdóttir var til aðstoðar. Í byrjun október hófust síðan æfingar í körfubolta og sá Davíð Ásgeirsson um þær. Yngri meðlimir félagsins tóku þátt í nokkrum mótum innan héraðs sem utan. Margir stórbættu árangur sinn í frjálsum íþróttum og æfðu einnig hjá Frjálsíþróttafélagi Borgarfjarðar. Íþróttamaður félagsins árið 2014 var Grímur Bjarndal Einarsson.



Grímur Bjarndal Einarsson

Ingibjörg Brynjólfssd., Rúnar F. og Elvar Ö. Einarssynir

Hlaup: 17. júní hlaupið, 600 m hlaup fyrir börn 12 ára og yngri, var haldið þann 30. maí á Varmalandi. Hlaupið er samstarfsverkefni félagsins og íþróttakennara á Varmalandi og er haldið síðasta skóladaginn. Sigurvegari ársins 2014 að þessu sinni var Daníel Fannar Einarsson.



Daníel Fannar Einarsson

Hestaferð: Ungmennafélagsreiðtúrin var farinn þann 28. júlí. Um 20 reiðmenn á öllum aldri söfnuðust saman í Bakkakoti en þaðan var farið yfir Þverá og riðið niður í Neðra-Nes. Þar var nesti borðað og brugðið á leik við Hörðuhóla. Áfram var svo haldið upp með bökkum Hvítár, yfir að Kaðalstöðum og sem leið lá aftur yfir Þverá að Bakkakoti. Ferðin tókst afskaplega vel og skemmtu þátttakendur sér konunglega.



Hestaferð félagsins

Fjáröflun: Dósasöfnun hefur til margra ára verið helsta fjáröflunarleið ungmennafélagsins. Dósagámar merktir félaginu eru í sumarbústaðahverfi Munaðarness, við afleggjarann að Valbjarnarvöllum og á tjaldsvæðinu á Varmalandi. Dósanefnd, undir forystu Brynjólfs Guðmundssonar Hlöðutúni, beitti sér fyrir því að allflestir gámar voru málaðir, lagfærðir og

endurbættir og einnig var aðkoman að þeim lagfærð. Mikilvægt er að skipulega sé unnið að losun gámana en tæma þarf að minnsta kosti aðra hverja viku yfir sumartímann og fylgjast vel með losun þeirra að vetri til. Einnig stóðu félagsmenn vaktina í dyrum Þingamars á dansleikjum harmonikkunnenda um verslunarmannahelgina. Stóðu ungmennafélagar og stjórnarmenn sig vel í að manna verkin og reyndust ávallt reiðubúnir.

Bekkjartré: Ungmennafélagið gaf öllum bekkjum Varmalandsdeildar Grunnskóla Borgarfjarðar bekkjartré. Ákveðið var að skoða hvers konar lauftré væru í boði á gróðrastöðinni á Þorgautsstöðum í Hvítársíðu og komu tréin því úr heimahéraði. Eftir það valdi hver bekkur þá tegund sem þeim fannst efnilegust og urðu nokkrar tegundir fyrir valinu. Þau munu prýða og auka fjölbreytni skógarins á Varmalandi þegar fram sækir en meðal annars voru gróðursett Fjallagullregn, Blóðheggur, Gráölur og Askur. Nemendur munu síðan fylgjast áfram vexti hvers bekkjartrés á meðan á skólagöngu þeirra stendur. Áætlað er að næstu árgangar fái einnig sitt bekkjartré þegar þeir hefja nám við skólann.



10. bekkur GBF. Varmalandsdeild 2014

Leikdeild: Leikdeild Umf. Stafholtstungna vaknaði úr sjö ára dvala og frumsýndi 17. janúar 2014, leikritið All í plati eftir Þröst Guðbjartsson. Höfundur var leikstjóri. Æfingar hófust í nóvember 2013 og æft var fram í desember. Tekið var þriggja vikna jólafrí og byrjað var að æfa aftur í byrjun janúar. 13 leikarar tóku þátt í sýningunni þar af voru 10 að stíga sín fyrstu skef á sviði með leikdeildin. Leikarar voru á aldrinum 13 til 60 ára. Alls komu um 25 - 30 manns að sýningunni á einn eða anna hátt. Sýningar voru alls sjö og var aðsókn mjög góð, eiginlega mun betri enn við áttum von á um 550 manns. Þetta var í fyrsta sinn sem leikdeildin sýndi barna og fjölskylduleikrit. Er það von mín að leikdeildin haldi sýnu starfi áfram og leggist ekki í svo langan dvala í kjölfarið. Aðalfundur leikdeildarinnar var haldinn á árinu eins og lög gera ráð fyrir, einnig voru nokkrir stjórnarfundir.

Sjórn leikdeildar skipa, Ásgeir Ásgeirsson Þorgautsstöðum formaður, Erla Gunnlaugsdóttir Laugalandi gjaldkeri og Sigurlaug Kjartansdóttir Hamraendum ritari.

Með leikdeildar kveðju
Ásgeir Ásgeirsson.



Leikhópur ásamt Presti Guðbjartssyni leikstjóra

Annað: Félagsmenn komu og aðstoðuðu við matseld, gæslu og þrif við Frjálsíþróttaskólann sem haldinn var í Borgarnesi á síðasta ári. Ungmennafélagið bauð upp á sundmiða fyrir félagsmenn í sundlaugar reknar af Borgarbyggð til að ýta undir ánægjulegar stundir félagsmanna tengdar sundiðkun. Einnig voru félagsmenn hvattir til að máta og kaupa sér nýjan æfingar- og keppnisfatnað félagsins.

Ég vil þakka stjórnarmönnum og öðrum félagsmönnum óeigingjarnt starf í þágu félagsins en án þeirra væri afar erfitt að halda félagi sem þessu virku.

F.h. stjórnar
Agnes Guðmundsdóttir

Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar

Aðalfundur félagsins var haldinn 29. mars á Bjartheyjarsandi. Á fundinum var kosin ný stjórn en þær Þórdís Þórisdóttir og Lára Ottesen gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Stjórnina skipa:

Dagný Hauksdóttir, formaður
Guðný Kristín Guðnadóttir, gjaldkeri
Brynjólfur Sæmundsson, ritari
Þorleifur Baldvinsson, stjórnarmaður
Heiðarmar Eyjólfsson, stjórnarmaður

Stjórnarfundir voru fimm á árinu auk fjögurra undirbúningsfunda vegna Þorrablóts Hvalfjarðarsveitar 2015. Gjaldkeri sat tvo formannafundi á vegum UMSB og formaður einn.

Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar stóð við eftirfarandi viðburðum á árinu:

- Í maí var boðið upp á sundnámskeið fyrir 5-6 ára börn í Heiðarborg á vegum Hildar Karenar Aðalsteinsdóttur.
- Kvennahlaup ÍSÍ var haldið í Hvalfjarðarsveit. Hlaupið var 14. júní og var boðið upp á tvær vegalengdir 1,5 km, 3 km og 5 km. Hlaupið var frá Heiðarborg og inn Leirársveit. Mjög góð þátttaka var í hlaupinu og voru þátttakendur 34 að þessu sinni.
- Í júní og ágúst var haldið leikjanámskeið í samstarfi við Hvalfjarðarsveit. Ungmennafélagið sá um skipulagningu og réð faglega leiðbeinendur. Sveitarfélagið útvegaði starfsmenn úr vinnuskólanum til aðstoðar.
- Í sumar var spilaður fótbolti vikulega á íþróttavelli félagsins í Saurbæ.
- Í lok ágúst voru haldnir Hvalfjarðardagar hér í sveti. Ungmenna- og íþróttafélagið Hvalfjarðarsveitar sáum um dagsskrá eina kvöldstund. Sveitagrill.

- Formannafund UMSB var haldinn hér í Heiðarskóla 22. október.
- Í samstarfi við Menningar- og atvinnuþróunarnefnd Hvalfjarðarsveitar var ákveðið að Ungmennafélagið myndi héðan í frá verða fjárhagslegur bakhjarl Þorrablóts Hvalfjarðarsveitar. Stjórn félagsins tók að sér að halda blótið í janúar 2015.

F.h. stjórnar
Dagný Hauksdóttir, formaður
Guðný Kristín Guðnadóttir, gjaldkeri

Íþróttamaður Borgarfjarðar 2014

Íþróttamaður Borgarfjarðar 2014 er **Helgi Guðjónsson**.

Efstu fimm í kjörinu voru:

1. sæti **Helgi Guðjónsson**
2. sæti **Bjarki Pétursson**
3. sæti **Aðalsteinn Símonarson**
4. sæti **Brynjar Björnsson**
5. sæti **Einar Örn Guðnason**

Tilnefningar í stafrófsröð

- **Aðalsteinn Símonarson, akstursíþróttamaður**

Aðalsteinn er fæddur hér í Borgarnesi. Hann er afar vandvirkur og samviskusamur hvort sem um er að ræða undirbúning eða í keppni. Hann er kurteis og hjálpsamur bæði við aðra keppendur sem og starfsfólk keppna, og eru ófáar áhafnir sem keppt hafa síðastliðin ár með leiðarnótur úr safni

Aðalsteins en hann hefur verið afar liðlegur að leggja öðrum lið og efla þannig samstöðu sem og sportið í heild sinni.

- **Atli Steinar Ingason, hestamaður**

Atli Steinar hefur frá unga aldri sýnt mikinn áhuga á hestamennsku og verið mjög duglegur í ástundun, á námskeiðum, í keppni, í umhirðu og við útreiðar í sínum frítíma. Hann hefur ávalt sýnt eljusemi og virkni í innanfélagsmótum og starfi félagsins, jafnt og dálæti á hestum og hestamennsku. Við í Hestamannafélaginu Skugga teljum að þarna sé mikill efnispiltur á ferðinni í hestaíþróttinni og gerum okkur góðar vonir um að áhugi hans og dugnaður geti skilað honum framarlega í röð framtíðarknappa á svæðinu og jafnvel landsvísu. Við bindum einnig vonir við að hann verði góð fyrirmynd og muni leiðbeina og miðla fyrir komandi kynslóðirhestamanna í félaginu og á svæðinu öllu.

- **Bjarki Pétursson, golfari**

Bjarki er góð fyrirmynd yngri iðkenda og annara íþróttamanna. Hann er duglegur að æfa og leggur mikinn metnað í golfið og stefnir stöðugt að því að bæta sig og gera betur. Hann ber mikla virðingu fyrir andstæðingum sínum og er kurteis, þrúður og fagmannlegurbæði innan vallar og utan.

- **Brynjar Björnsson, dansari**

Brynjar ætlar að ná langt í sinni grein og leggur mikið á sig til að ná sínum markmiðum. Hann hefur verið að keppa út um allan heim og er kominn í 85.sæti á heimslista WDSF í ungmennaflokki í Latín með dansfélaga sínum Perlu Steingrímsdóttir. Brynjar er mjög reglusamur, æfir af kappi og er ávalt til fyrirmyndar bæði á dansgólfinu og utan þess. Hann hefur þrúða og íþróttamannslega framkomu og einstaklega gaman er að fylgjast með þessum hæfileikaríka dansara á dansgólfinu þar sem gleði og hæfileikar fléttast saman.

- **Davíð Ásgeirsson, körfuknattleiksmaður**

Davíð er mikill íþróttamaður sem leggur hart að sér á æfingum sem og í keppni og hefur hann svo sannarlega sýnt það og sannað að æfingin skapar meistarann. Hæfileikar hans í íþróttinni eru miklir og getur hann náð enn lengra á komandi árum. Davíð er þrúður í allri framgöngu innan vallar sem utan. Metnaður og sigurvilji skín úr augum hans inn á körfuknattleiksvellinum þó ætíð sé háttsemin til staðar.

- **Einar Örn Guðnason, lyftingamaður**

Einar Örn er metnaðarfullur og því afar duglegur að æfa, þá er hann ávallt reiðubúinn að leiðbeina byrjendum í greininni og öðrum sem til hans leita. Einar Örn stefnir að því að vinna bikarmót í bekkpressu þann 17. janúar næstkomandi, langtímamarkmið hans er að verða ógeðslega sterkur!

- **Grímur Bjarndal Einarsson, frjálsíþróttamaður**

Grímur er mjög einbeittur bæði á æfingum sem og í keppni. Hann hefur æft með bæði Ungmennafélagi Stafholtstungna og Frjálsíþróttafélagi Borgarfjarðar og nýtir allar þær æfingar sem honum standa til boða hvort sem það er heima í héraði eða á æfingum sem Sam Vest samstarfið býður uppá með gestaþjálfurum og góðri aðstöðu. Hann er með framúrskarandi mætingu og nýtir æfingar vel. Grímur er alltaf þrúður og góður liðsmaður, ávalt sínu félagi til sóma.

- **Helgi Guðjónsson, knattspyrnu-, körfuknattleiks-, og frjálsíþróttamaður.**

Helgi er íþróttamaður sem leggur sig 100 % fram á öllum æfingum og hann kemur vel fram við féлага sína innan vallar sem utan. Hann er lítillátur yfir eigin getu, kurteis í umgengni og ber virðingu fyrir andstæðingum sínum á vellinum. Hann sýnir mikinn áhuga á því sem yngri íþróttamenn eru að gera og er einstaklega hvetjandi í þeirra garð.

- **Konráð Axel Gylfason, hestamaður**

Konráð Axel er ungur og mjög efnilegur knapi og fjölnæfur. Hann er með hreint frábæran árangur á árinu og meiga borgfirðingar vera stoltir að því að eiga slíkan fulltrúa. Hann er metnaðarfullur og kappsamur. Hann er duglegur að æfa og stunda sína íþrótt. Hann er opinn og stefnir að því að bæta sig og sýna reiðmennsku enn frekar áfram. Konráð er fyrirmynd fyrir unga sem eldri, duglegur, kurteis og markviss veit hvert hann vill stefna.

- **Tinna Kristín Finnbogadóttir, skákkona**

Tinna Kristín stendur sig vel bæði í skákinni og öðrum þeim verkefnum sem hún sinnir meðfram skákinni, eins og skóla og vinnu. Hún er reyklaus og ástundar hollt lífni – ber virðingu fyrir andstæðingum og er leiðbeinandi á stúlknanámskeiðum hjá Skákskóla Íslands.

- **Viktor Ingi Jakobsson, knattspyrnumaður**

Viktor hefur metnað til að ná lengra í knattspyrnunni og vill byrja á að koma Skallagrím upp um deild næsta sumar. Hann er mikilvægur hluti af leikmannahópnum hér í Borgarnesi og æfingasókn hefur alltaf verið til fyrirmyndar.

Önnur verðlaun og viðurkenningar

Viðurkenningar fyrir Landsliðssæti á árinu 2014

Bjarki Pétursson – Landsliðið í Golfi

Brynjar Björnsson- Landslið í Dansi

Daði Freyr Guðjónsson- Landslið í Dansi

Einar Örn Guðnason- Landslið í lyftingum

Harpa Hilmisdóttir- Landslið í Badminton

Helgi Guðjónsson- Landslið í Körfubolta og Knattspyrnu

Tinna Kristín Finnbogadóttir- Landslið í Skák

Þorgeir Þorsteinsson- Landslið í Körfubolta

Marabonbikarinn fyrir besta tíma í maraþoni á árinu 2014.

-Stefán Gíslason 3:08:30 klst í München 12. október 2014.

Stefán hefur samtals hlaupið 15 maraþon frá því að hann spreytti sig fyrst á þeirri vegalengd sumarið 1996, þar af tvö sumarið 2014. Það fyrra var Mývatnsmaraþonið 7. júní, en það hlaup vann hann nokkuð örugglega. Seinna hlaupið var í München 12. Október á tímanum 3:08:30 klst., sem er 11 sekúndum frá besta tíma stefáns frá því í Reykjavík 2013. Í München var hann næstfljótastur af rúmlega 40 Íslendingunum og í 9. sæti af 324 hlaupurum í sínum aldursflokki.

Ársreikningur UMSB 2014